

# MOSFELLINGUR

5. TBL. 23. ÁRG. FIMMTUDAGUR 9. MAÍ 2024 • DREIFT FRÍTT INN Á ÖLL HEIMILI Í MOSFELLSBÆ • VEFÚTGÁFA: WWW.MOSFELLINGUR.IS



BRYNDÍS, ÁSDÍS OG  
ÁSDÍS SKERA KÖKUNA



EDDA OG GUÐRÚN  
FORSTÖÐUMENN  
FYRR OG NÚ



FULLTRÚAR BÓLRÁÐS TAKA  
VIÐ GJÓF FRÁ MOSFELLSBÆ

## Á þremur stöðum • Vinátta, virðing og gleði Félagsmiðstöðin Bólið 40 ára

Bólið fagnaði stórafmæli á dögunum með tveimur böllum fyrir unglinga Mosfellsbæjar og mikilli veislu í Hlégarði 10. apríl. Ungir listamenn stígu á stökk, Bólráðið annaðist veislustjórn og að sjálfsögðu var boðið upp á afmælistöðu.

## EIGN VIKUNNAR

www.fastmos.is



ÁÐEINS  
4 HÚS EFTIR

## Lóugata - Glæsileg raðhús

Ný og glæsileg 168,0-172,2 m<sup>2</sup> raðhús á einni hæð með bílskúr, frágenginni lóð með hellulögðu bílplani og timburverönd. Eignirnar afhendast í júní 2024 tilbúnar til innréttingar en auk þess eru þær fullmálaðar, rafmagn frágengið með free@ home hústjórnaarkerfi frá ABB og loftskiptikerfi frá Ishúsinu.

Verð frá 114,9 til 119,9 m.



Fasteignasala  
Mosfellsbæjar



FYLGSTU  
MEÐ OKKUR  
á Facebook

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080  
Svanþór Einarsson • lögg. fasteignasali • www.fastmos.is

## VINNULJÓS SEM VIRKA MEÐ ÞÍNUM RAFHLÖÐUM



2.500, 5.000 & 10.000 Lumen

VIRKAR MEÐ RAFHLÖÐUM FRÁ:  
Milwaukee, Dewalt,  
Metabo, Bosch,  
Makita, Hikoki og  
Panasonic



Hyrjarhófa 2.  
Sími 558 0888  
www.redder.is



Mosfellingurinn Hulda Jónasdóttir viðburðastjóri

## Tónlistin gefur manni svo mikið »24

## RÉTTINGAVERKSTÆÐI Jóns B. ehf

Flugumýri 2, Mosfellsbær  
Símar: 566 7660 og 697 7685 jonrett@internet.is  
WWW.JONB.IS



CAB  
CABAS



ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI  
SKIPTUM UM FRAMRÚÐUR



Útgefandi: Mosfellingur ehf., Spóahöfða 26, sími: 694-6426

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Hilmar Gunnarsson, hilmar@mosfellingur.is

Ritstjórn:

Anna Ólöf Sveinbjörnsdóttir, annaolof@mosfellingur.is

Ragnar Þór Ólason, raggiola@mosfellingur.is

Ruth Örnólfsdóttir, ruth@mosfellingur.is

Prentun: Landsprent. Upplag: 5.000 eintök. Dreifing: Afturelding.

Umbrot og hönnun: Mosfellingur ehf.

ISSN 2547-8265

Tekid er við aðsendum greinum á mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð. Efni og auglýsingar skulu berast fyrir kl. 12, mánudegi fyrir útgáfudag.

Mosfellingur kemur út mánaðarlega.

NÆSTI MOSFELLINGUR KEMUR ÚT 6. JÚNÍ

## Missir í Mosfellsdal

Um þessar mundir berast ekki góð tíðindi úr dalnum okkar fagra, Mosfellsdal. Nonni á Mos-skógum segist hætta með grænmetismarkaðinn og Mosfellskirkja er ekki nothæf vegna myglu og rakaskemmda.



Hilmar Gunnarsson, ritstjóri Mosfellings

Afturelding etur nú kappi við Val í gríð og erg. Í handboltanum eru strákarnir yfir 2-1 í undanúrslitarimmunni um Íslandsmeistaratilinn. Í fótboltanum fáum við svo Valsarana í heimsókn föstudaginn 17. maí í 16 liða úrslitum Mjólkurbikarsins. Mætum og styðjum!

Í dag hefst Mosöld 2024 sem er gríð-Larstórt blakmót þar sem leikmenn eru jafnvel komnir af léttasta skeiði. Öldungamót fyrir 30 ára og eldri. Bærinn mun vonandi iða af lífi með tilkomu yfir þúsund keppenda og því vel við hæfi að gestrisnir Mosfellingar taki þeim opnum örmum.



## ÍSFLUGL

www.isflugl.is



## Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU ...



EYDÍS AÐ STÖRFUM



NÝBYGGINGAR



LISTMUNIR

## ÁS Í MOSFELLSSVEIT 1950

Húsið Ás í Mosfellsveit byggðu hjónin Signý Sveinsdóttir og Gunnar Gunnarsson listmálari árið 1950. Eftir þeirra dag bjuggu afkomendur um skeið í húsinu en það var síðan selt.

Árið 1987 eignast húsið hjónin Eydís Lúðvíksdóttir leirlistakona og Árni V. Atlason smiður. Þau réðust í viðgerðir og uppbyggingu á staðnum. Að þeim loknum opnuðu þau sveitarkrá, sem nefnd var Áslákur og í bílskúrnum leirlistasmiðju, sem fékk nafnið Listasmiðjan Ás. Nú árið 2024 er þarna risið Hótel Laxnes.

Myndir úr safni Mosfellsþóstsins.

Umsjón: Birgir D. Sveinsson (birgird@simnet.is)

## HÉÐAN OG ÞAÐAN



Getur þú fundið Benjamin falinn í blaðinu?



## Hringdu

skólanet Hringdu

hraðasta internetið

ótakmarkað gagnamagn

langbesta verðið

fyrir námsmenn



# Fasteignasala Mosfellsbæjar



Svanþór  
Einarsson  
Lögg. fasteignasali



Sigurður  
Gunnarsson  
Lögg. fasteignasali



Theodór Emil  
Karlsson  
Lögg. fasteignasali



Steingrímur  
Benediktsson  
Lögg. fasteignasali



## VOGATUNGA 47

Fallegt og vel skipulagt 5 herbergja endaraðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Mikil lofthæð og innbyggð lýsing er á efri hæðinni. Mjög stórar svalir ca. 30 m<sup>2</sup> með fallegu útsýni og stór timburverönd. Eignin er 199,8 m<sup>2</sup>, en auk þess eru rúmlega 20 m<sup>2</sup> óskráðir og er eignin því um 220 m<sup>2</sup>. **V. 137,9 m.**



## LILJUGATA 18

Nýtt og glæsilegt 190 m<sup>2</sup> raðhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr, frágenginni lóð með hellulögðu bílapani og timburverönd. Eignin afhendist við kaupsamning fullbúin og með frágenginni lóð. **V. 144,5 m.**



## FOSSATUNGA 1-15

Ný og vel skipulögð raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr við Fossatungu í Mosfellsbæ. Mjög stórar svalir með fallegu útsýni. Húsið afhendist fullbúið að innan með grófjafnaðri lóð, en þó er búið að helluleggja fyrir framan inngang. **V. 129,9-133,9 m.**



## VEFARASTRÆTI 40

Björt, falleg og vel skipulögð 98,1 m<sup>2</sup>, 4ra herbergja endaíbúð á efstu hæð í lyftuhúsi ásamt stæði í lokaðri bílageymslu í Mosfellsbæ. Svalir í suðausturátt með fallegu útsýni. Frábær staðsetning, rétt við Helgafellsskóla. **V. 73,5 m.**



## LAXATUNGA 107

Glæsilegt og vel skipulagt 178,4 m<sup>2</sup> raðhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr og timburverönd í bakgarði. Húsið skiptist í forstofu, eldhús, stofu/borðstofu, þrjú svefnherbergi og tvö baðherbergi. Auðvelt að bæta við auka svefnherbergi. **V. 129,0 m.**



## BRÚARFLJÓT 2B

Nýlegt og vandað atvinnuhúsnæði á tveimur hæðum í Mosfellsbæ. Samkvæmt teikningu er neðri hæð samtals 57,6 m<sup>2</sup> og efri hæð 53,8 m<sup>2</sup>. Yfir hluta neðri hæðar er stigapallur 18 m<sup>2</sup>. Samtals 129,4 m<sup>2</sup>. **V. 55,0 m.**



## VEFARASTRÆTI 11

Björt og falleg 89,9 m<sup>2</sup>, 4ra herbergja endaíbúð á jarðhæð, ásamt bílastæði í bílageymslu í lyftuhúsi. Hellulögð verönd í suðurátt (20,7 m<sup>2</sup> sérafnotareitur). Fallegar innréttingar og nýtt harðparket er á gólfum. **V. 71,9 m.**



## GERPLUSTRÆTI 35

Falleg og vel skipulögð 94,9 m<sup>2</sup>, 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi ásamt stæði í lokaðri bílageymslu. Svalir í suðausturátt. Frábær staðsetning, rétt við Helgafellsskóla. Stutt í almenningssamgöngur og vinsæl útivistarsvæði. **V. 71,5 m.**



## BARRHOLT 24

Fallegt og vel skipulagt 200,6 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Góð lokuð timburverönd er sunnan við húsið með litlu garðhýsi. Húsið er vel staðsett í vinsælu og grónu hverfi í Mosfellsbæ, stutt frá skóla, leikskóla, verslun og allri helstu þjónustu. **V. 122,9 m.**



## TRÖLLATEIGUR 25

Bjart og fallegt 165,5 m<sup>2</sup> endaraðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Timburverönd og svalir í suðurátt. Hellulagt bílapan með hita. Góð staðsetning miðsvæðis í Mosfellsbæ. **V. 119,9 m.**



## TRÖLLATEIGUR 24

Rúmgóð, falleg og vel skipulögð 144,3 m<sup>2</sup> fjögurra herbergja endaíbúð á annari hæð í lyftuhúsi við Tröllateig 24 í Mosfellsbæ. Stæði í bílakjallara fylgir eigninni. Stórar svalir í suðvesturátt sem eru með svalalokan að hluta. **V. 96,9 m.**



## AKURHOLT 15

Stórt og glæsilegt einbýlishús með tveimur íbúðum og tvöföldum bílskúr, alls 391,8 m<sup>2</sup>, á glæsilegri 1.032 m<sup>2</sup> lóð á þessum rólega og veðursæla stað. Eign sem býður uppá ýmsa möguleika. **V. 189,9 m.**



## REYKJABYGGÐ 35

Fallegt og vel skipulagt 127,7 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð með bílskúr. Eignin stendur á fallegri 860 m<sup>2</sup> eignarlóð með timburverönd. Stórt hellulagt bílapan með snjóbræðslu. Húsið er vel staðsett í vinsælu og grónu hverfi í Mosfellsbæ. **V. 114,9 m.**



## VEFARASTRÆTI 11

Björt og vel skipulögð 125,5 m<sup>2</sup>, 5 herbergja endaíbúð í lyftuhúsi á efstu hæð ásamt bílastæði í bílageymslu. Mikil lofthæð og gluggar í þrjár áttir sem gerir eignina skemmtilega og bjarta. Frábær staðsetning rétt við grunn- og leikskóla, Helgafellsskóla og fallegar gönguleiðir. **V. 84,9 m.**





## Opnað fyrir umsóknir um matjurtagarða

Matjurtagarðar bæjarins verða staðsettir austan Varmárskóla þar sem gömlu skólagarðarnir hafa verið. Aðkoma að görðunum er að norðanverðu frá Kvíslarskóla. Leiguverð fyrir matjurtagarða er óbreytt, eða 2.500 kr. fyrir 50 fm garð. Aðgengi að vatni og kaffiskúr verður við garðana. Tekið er við umsóknum í gegnum netfangið matjurtagarðar@mos.is en garðarnir verða tilbúnir til noktnar 17. maí.



## KB þrautin haldin í fjórða sinn 18. maí

KB þrautin fer fram laugardaginn 18. maí í Mosfellsbæ. Þetta er fjórða árið í röð sem Kettlebells.is stendur fyrir þessu skemmtilega þrautahlaupi. KB þrautin er frábært tækifæri fyrir vinahópa, fjölskyldur og vinnufélaga að takast saman á við fjölbreyttar, krefjandi og skemmtilegar þrautir í einstöku útivistarumhverfi Mosfellsbæjar. Þrautirnar verða um 30 talsins og hlaupið sjálft í kringum 10 kílómetrar. Ræst er í hlaupið um kl. 9.30 og verður fjöldi þátttakenda takmarkaður. Allar frekari upplýsingar má nálgast á [www.kettlebells.is](http://www.kettlebells.is).

## Leikvöllur við Leirutanga endurgerður

Á hverju ári eru 1-2 leikvöllir á opnum svæðum endurgerðir og leiktækjum skipt út. Framkvæmdir hafa nú staðið yfir við endurgerð leikvallar við Leirutanga þar sem búið er að rífa allt malbik af og verið er að jarðvegsskipta fyrir nýtt undirlag. Fótboltavöllurinn verður með gervigrasi og verða ný mörk sett upp. Á svæðinu er einnig körfuboltavöllur og verða gúmmímottur á honum auk þess sem nýjar körfur verða settar upp. Samhliða er skipt um girðingar umhverfis vellina.

Jarðvegsvinna á Varmárvelli í fullum gangi • Nýr fótoltavöllur og 200 m hlaupabraut

# Gervigras lagt á aðalvöllinn að Varmá sumarið 2025



Mynd/RaggiÓla

VARMÁRSVÆÐIÐ Í DAG



SVONA GÆTI NÝTT VALLARSTÆÐI LITIÐ ÚT

Eins og Mosfellingar hafa væntanlega tekið eftir er vinna við Varmárvöll í fullum gangi.

Á dögnum var skrifað undir samning um fyrsta áfanga nýframkvæmda við fyrirtækið Óskatak. Verkið var boðið út fyrr í vetur og var fyrirtækið Óskatak ehf með lágsta tilboðið eða kr. 136.359.500 sem var töluvert undir kostnaðaráætlun.

Verkið felur í sér jarðvinnu og fergingu vegna gervigrasvallar. Auk þess felst verkið í uppgreiftri fyrir frjálssípróttavelli, fyllingu og fergingu á honum þegar fergingu er lokið á gervigrasvelli.

### Efnið af svæðinu endurnytt

Endurvinnsla og nýting er í hávegum höfð og mest af því sem fjarlægð er af svæðinu fer í nýtingu annars staðar. Tartaninu úr hlaupabrautinni var rúllað upp og flutt í Skemmtigarðinn í Gufunesi þar sem það verður endurlagt. Sandur er notaður sem íblöndunarefni fyrir gæðamold, mold fór í uppræðslu á námum við Krýsuvík og í nýjan kirkjugarð við Úlfarsfell og malbikið verður notað sem mulningslag á bílplani Icelandair.

Vegna aðstæðna þarf farg að liggja á vellinum þar til sig undirlagsins hefur komið fram. Áætlað er að það gæti tekið allt að fjóra mánuði.

Næstu áfangar eru lýsing, lagnavinna og yfirborðsfrágangur sem verður boðið út í þremur útbodum.

Sumarið 2025 verður lagt gervigras á fótoltavöllinn og í framhaldi verður gengið frá 200 metra hlaupabraut ásamt frjálssípróttasvæði.

Að auki verður jarðvegurinn undir framtíðar stúkubýggingu undirbúinn.

Íþrótt- og tómstundanevnd Mosfellsbæjar veitir styrki í formi launa yfir sumartímann

## Styrkir til efnilegra ungmenna

Á dögnum veitti íþrótt- og tómstundanevnd Mosfellsbæjar styrki til ungra og efnilegra ungmenna.

Styrkirnir eru í formi launa yfir sumartímann og ungmenni sem hafa sýnt sérstaka hæfileika á sínu sviði geta sótt um styrk til nefndarinnar.

Markmiðið með styrknum er að koma til móts við þau ungmenni sem geta ekki með sama hætti og jafnaldrar þeirra unnið sumarmunu hjá Mosfellsbæ vegna æfinga eða keppni, skipulags eða annarra þátta sem tengist íþrótt þeirra, tómstundum eða listum.

Styrkhafar ársins eru sjö talsins: Berglind Erla Baldursdóttir, golf; Daníel Bæring, handbolti; Eberg Óttarr Elefsen, trompet; Oddný Þórarinsdóttir, fiðla; Skarphéðinn Hjaltason, júdo; Sól Snorradóttir, hjólreiðar og Stefán Magni Hjartarson, handbolti.



ERLA EDVARDSDÓTTIR, FORMAÐUR NEFNDARINNAR, MEÐ STYRKHÖFUM

## KIRKJUSTARFIÐ



WWW.LAGAFELLSKIRKJA.IS

## HELGIHALD NÆSTU VIKNA

Tvær fermingarathafnir verða Hvítasunnudaginn 19. maí í Lágafellskirkju og þær síðustu á þessari „vertið“. Um 160 börn hafa fermst í 13 athöfnum.

### Sunnudagur 12. maí - Lágafellskirkja

Kl. 11: Blessunarguðsþjónusta skírnaarbarna. Skírnaarbörn síðustu ára boðin sérstaklega velkomin á krúttlega fjölskyldustund með krílasálmásiði í umsjón Áslaugar Helgu Hálfánardóttur djákna, Guðlaugar Helgu Guðlaugsdóttur og presta kirkjunnar. Kl. 13:00 - 15:30: Vorhátíð barnastarfs-

ins. Barnakór, saga, hoppukastalar, Dr. Bæk og léttar veitingar í boði!

### Sunnudagur 26. maí

Kl. 20: Heilunarguðsþjónusta í Lágafellskirkju. Sr. Arndís Linn Þjónar.

### Sunnudagur 2. júní

Kl. 20: Kvöldmessa í Lágafellskirkju. Sr. Arndís Linn Þjónar.

### Kyrrðardagur 18. maí

Á þessum laugardegi verður dagskrá frá 9 til 11 í og við Lágafellskirkju. Upplýsingar og skráning á lagafells-

kirkja@lagafellskirkja.is. Ekkert gjald er tekið fyrir kyrrðardaga og eru allir sem áhuga hafa velkomnir!

### Sumarmessur 2024

Samstarfsverkefni kirknanna í Mosfellsbæ, Kjalarnesi & Kjós. Nánar á Facebook og Instagram.

### Rafræn fermingarskráning 2025

Skráning er hafinn inn á heimasíðunni okkar fyrir börn fædd 2011.

### Sumarnámskeið Lágafellssóknar

Uppl. og skráning á lagafellskirkja.is



# FRÁBÆRT VERÐ Á JEPPUM Í SÉRFLOKKI

**4xe**  
PLUG-IN HYBRID

LISTAVERÐ 9.569.000 KR.  
TILBOÐSVERÐ  
8.569.000 KR.



1.000.000 KR. AFSLÁTTUR

TAKMARKAÐ MAGN

## JEEP® COMPASS TRAILHAWK+

Jeep Compass Trailhawk+ færir þig áreynslulaust á milli ævintýra með alvöru fjórhjóladrifi og lágu drifi. Ekkert verður í vegi þínum með 50 cm vaðhæð og 21,3 cm undir lágsta punkti.

# JEPPI MEÐ ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

**4xe**  
PLUG-IN HYBRID

LISTAVERÐ 9.799.000 KR.  
TILBOÐSVERÐ  
8.799.000 KR.



1.000.000 KR. AFSLÁTTUR

TAKMARKAÐ MAGN

## JEEP® COMPASS S


Sportleg útgáfa af þessum fullkomna ferðafélaga. Einstakir eiginleikar, lágt drif og fjórhjóladrif í sérflokk. Uppfærðu ævintýrin og vertu á ferðinni hvar og hvenær sem þér hentar.

**ISBAND**

ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300 • ISBAND.IS • JEEP.IS  
OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16

**Jeep**





MOSFELLSKIRKJA  
Í MOSFELSDAL

Mynd/RaggiÓla

Rakaskemmdir og mygla • Þarfnast mikils viðhalds

# Mosfellskirkju lokað vegna raka

Sóknarnefnd Lágafellssóknar hefur tekið ákvörðun um að loka Mosfellskirkju tímabundið.

Ástæðan er sú að rakaskemmdir og mygla fannst þegar verkfræðistofan Efla var fengin til að kanna ástand kirkjunnar.

„Nefndin bað um úttekt á ástandi kirkjunnar, kirkjan er komin til ára sinna og ljóst er að hún þarfnast mikils viðhalds,“ segir Ólína Kristín Margeirsdóttir formaður sóknarnefndar Lágafellssóknar.

„Niðurstöður Eflu voru meðal annars að það eru víðtækar rakasemmdir og að það þurfi að fara í gagngerar endurbætur

á byggingunni. Við tókum þá ákvörðun að loka Mosfellskirkju tímabundið á meðan verið er að taka ákvörðun um hvað skuli gera. Það er ljóst að þessar framkvæmdir eru kostnaðarsamar og það þarf að vera til peningur fyrir því sem þarf að gera. Báðar kirkjurnar okkar eru komnar til ára sinna og því mikill viðhaldskostnaður til staðar.

Nýverið var skipt um þak á Lágafellskirkju og ljóst er að fljótlega þarf að skipta þar um glugga og fleira,“ segir Ólína að lokum og nefnir að jafnvel þurfi að stofna til söfnunar meðal almennings fyrir framkvæmdum Mosfellskirkju.



SKRIFAÐ UNDIR Í ÍPRÓTTAHÚSINU

## Síðasti áfangi í byggingu íþróttahúss við Helgafellsskóla Samið um innréttingar í nýju íþróttahúsi

Samningur um innri frágang og innréttingar við íþróttahús sem tilheyrir Helgafellsskóla hefur verið undirritaður við fyrirtækið Land og verk ehf.

Um er að ræða síðasta áfanga í uppbyggingu íþróttahúss skólans sem er nýbygging og alls um 1.000 m<sup>2</sup> sem skiptast þannig að íþróttasalur er 600 m<sup>2</sup>, rými í aðliggjandi íþróttasal eru í heildina 150 m<sup>2</sup> og búningsklefasvæði 250 m<sup>2</sup>.

Tilboðsfrestur vegna útboðs í verkið rann út þann 14. mars síðastliðinn og voru þrjár aðilar sem sendu inn tilboð, Land og Verk ehf., E. Sigurðsson ehf. og Stéttafélagið ehf.

Kostnaðaráætlun var 292.800.509 kr. en lægsta tilboð var uppá 312.861.865 kr. og kom frá fyrirtækinu Land og Verk ehf.

Myndin er frá undirritun samninga. Efri röð: Illugi Þór Gunnarsson verkefnastjóri hjá Eignasjóði, Halla Karen Kristjánsdóttir formaður bæjarráðs, Rósa Ingvarsdóttir skólastjóri Helgafellsskóla, Marvin Ingi Einarsson verkefnastjóri Land og Verk og Hafþór Sigtryggsson deildarstjóri framkvæmdasviðs Land og Verk. Neðri röð: Berglind Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri Lands og Verks og Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri.



BLÓMLEG SÝNING Í KJARNA

## Glæsileg túlípanasýning

Garðyrkjudeild Mosfellsbæjar og gróðrastöðin Dalsgarður í Mosfellsdal stóðu fyrir túlípanasýningu í Kjarna í lok apríl. Á sýningunni voru 90 tegundir af túlípönum sem ræktaðir eru í Dalsgarði. Sýningin vakti mikla athygli og lífgaði upp á tilveruna.



## SUMARBLÓMASALA DALSGARÐS

HEFST 24. MAÍ

í Dalsgarði í Mosfellsdal

Mikið úrval af fallegum sumarblómum

Opið alla daga frá 11-18



# Göngum saman á Mosfell með Katrínu

Miðvikudagur 15. maí.

Lagt af stað frá Mosfellskirkju kl. 17:00.

Róbert Marshall leiðir gönguna og

Sr. Sveinn Valgeirsson verður með hugvekju.

Gangan er létt og hentar öllum aldurshópum.

Nánari uppl. á Facebook viðburði.

Katrín 2024



Ársreikningur Mosfellsbæjar fyrir árið 2023 lagður fram • Í góðu samræmi við áætlun

# 341 milljón króna afgangur af rekstri Mosfellsbæjar

Ársreikningur Mosfellsbæjar fyrir árið 2023 var lagður fram á fundi bæjarráðs 15. apríl. Rekstrarniðurstaðan er jákvæð um 341 milljón.

„Reksturinn er í góðu samræmi við fjárhagsáætlun en árið einkenndist af miklum framkvæmdum, meðal annars byggingu nýs leikskóla, endurbótum á Kvíslarskóla, byggingu íþróttahúss og gatnagerð,“ segir í tilkynningu frá Mosfellsbæ.

Þá tók Mosfellsbær yfir rekstur Skálatúns, heimilis fyrir fatlaða íbúa þann 1. júlí 2023 en á Skálatúni búa 32 íbúar og starfsmenn eru 110 í 70 stöðugildum.

## Rekstrarniðurstaða ársins jákvæð

Tekjur ársins námu alls 20.305 milljónum, launakostnaður 9.466 milljónum, hækkun lífeyrisskuldbindinga 433 milljónum og annar rekstrarkostnaður var 7.721 milljónir og nemur framlegð því 2.684 milljónum. Afskriftir voru 590 milljónir og nam rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði 2.095 milljónum.

Fjármunatekjur, fjármagnsgjöld og tekjuskattur námu 1.733 milljónum og var rekstrarniðurstaða ársins því jákvæð um 341 milljón. Veltufé frá rekstri var 1.935 milljónir eða 9,5% af tekjum.

Eigið fé í árslok nam 7.757 milljónum og eiginfjárhlutfallið er 24,3%. Skuldaviðmið er 94,5% og er því vel innan þess 150% hámarks sem kveðið er á um í lögum.

Kostnaður vegna verðbóta nam 1.285 milljónum eða 330 milljónum meira en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Þá nam kostnaður vegna hækkunar lífeyrisskuldbindinga 433 milljónum.



BÆRINN Í PLÚS

## Fræðslu- og uppeldismál umfangsmikil

Íbúar Mosfellsbæjar voru 13.403 þann 1. janúar 2024. Mosfellsbær er sem fyrr sjöunda fjölmennasta sveitarfélag landsins og þar störfuðu 945 starfsmenn í 782 stöðugildum í árslok 2023.

Fræðslu- og uppeldismál eru umfangsmesti málaflokkurinn og til hans var varið 8.066 milljónum eða 51,5% skatttekna. Til félagsþjónustu var veitt 3.434 milljónum eða 21,9% skatttekna og eru þar með talin framlög vegna málefna fatlaðs fólks. Loks eru íþrótt- og tómstundarmál þriðja umfangsmesta verkefni bæjarins og til þeirra

var ráðstafað um 1.722 milljónum eða 10,9% skatttekna.

## Sterk staða sveitarfélagsins

„Ársreikningurinn sýnir sterka stöðu sveitarfélagsins en skuldaviðmiðið er að lækka úr 104,4% í 94,5% á milli ára, segir Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri.

„Á sama tíma erum við vissulega að kljást við verðbólgu og háa vexti sem er áskorun fyrir sveitarfélag í örum vexti. Við leggjum áherslu á að veita góða þjónustu og við erum með einna lægstu gjöldin þegar kemur að þjónustu við barnafjölskyldur.“



## Fjölbreytt vordagskrá á Gljúfrasteini

Nú hækkar sól í Mosfellsdal og af því tilefni er blásið til fjölbreyttrar vordagskrár á Gljúfrasteini.

Viðburðir er haldnir á safninu alla laugardaga frá 20. apríl til 25. maí. Hver viðburður stendur í um það bil klukkustund og er frítt inn.

Næstu viðburðir:

11. maí, kl. 14 - Listaverkaleiðsögn.

Ólafur Ingi Jónsson forvörður á

Listasafni Íslands.

18. maí, kl. 14 - En þeim á ég flest að þakka. Sunneva Kristín Sigurðardóttir og Guðný Dóra Gestsdóttir fjalla um Erlend í Unuhúsi og Auði Laxness.

25. maí, kl. 14 - Hönnun og arkitektúr. Birta Fróðadóttir heldur lifandi leiðsögn um hönnun og arkitektúr á Gljúfrasteini.

**MOSFELLINGUR**  
**KEMUR NÆST**  
**ÚT 6. JÚNÍ.**

mosfellingur@mosfellingur.is

## ELDRI BORGARAR • ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐIN EIRHÖMRUM • FRAM UNÐAN Í STARFINU



### Vor sýning

Hlaðhömrum 2, 23. maí - 30. maí.

Sýning verður á listaverkum sem gerð hafa verið í vetur á námskeiðum hjá okkur í félagsstarfinu. Leirmunir, glerverk, postulín, perlur og myndlist verða til sýnis. Sérstök opnun sýningarinnar verður 23. maí kl. 14.30 og mun sýningin standa í viku eða

dagana 23.-30. maí í handverksstofu félagsstarfsins milli 11-16 virka daga Hlaðhömrum 2. Vakin er athygli að opið verður laugardaginn 25. maí 13-15. Nú er tækifæri til að sjá hvað er í kennt á þessum vinsælu námskeiðum. Allir hjartanlega velkomnir. Sjón er sögu ríkari.



### Hittumst í Hlégarði

Minum á að opnun í Hlégarði á þriðjudögum verður út maímánuð.

Verið velkomin í Hlégarð þriðjudaga frá kl 13-15. Höldum svo áfram okkar þriðjudagsopnun í Hlégarði aftur í haust.

### Postulín og Tiffanys

Postulíns hópurnir og Tiffanys hópurnir fara í sumarfrí 3. og 4. júní. Byrjum svo aftur í haust.



### Gönguhópur

Minum á gönguhópurinn okkar sem er alla miðvikudaga kl. 10.30 frá Hlégarði allir velkomnir með.



**Skrifstofa félagsstarfsins** er opin alla virka daga kl. 13-16. Sími félagsstarfsins er 586-8014. Forstöðumaður félagsstarfs eldri borgara í Mosfellsbæ er **Elva Björg Pálsdóttir** tómstunda- og félagsmálafræðingur, s: 698-0090.

**Skrifstofa FaMos** á Eirhömrum er opin alla fimmtudaga frá kl. 15-16.



**FÉLAG ALDRAÐRA**  
í Mosfellsbæ og nágrenni  
famos@famos.is  
www.famos.is

### STJÓRN FAMOS

**Jónas Sigurðsson** formaður  
s. 666 1040 jonass@islandia.is

**Jóhanna B. Magnúsdóttir** varaformaður  
s. 899 0378 hanna@smart.is

**Þorsteinn Birgisson** gjaldkeri  
s. 898 8578 thorsteinn.birgis@gmail.com

**Guðrún K. Hafsteinsdóttir** ritari  
s. 892 9112 gunnasjana@simnet.is

**Ólafur Guðmundsson** meðstjórnandi  
s. 868 2566 polarafi@gmail.com

**Ingibjörg G. Guðmundsdóttir** varamaður  
s. 894 5677 igg@simnet.is

**Hrund Hjaltadóttir** varamaður  
s. 663 5675 hrundhj@simnet.is





PIZZAN



# PARTÝ PAKKINN

6.990

2 PIZZUR +  
2 MEÐLÆTI + 2L PEPSI





„Erfið ákvörðun“ segir Nonni grænmetisbóndi í Mosskógum • Blómleg ferðapjónustan sem vex og dafnar

# Markaðurinn hættir eftir farsæl 30 ár

Markaðurinn í Mosskógum í Mosfellsdal sem opin hefur verið á laugardögum í júlí, ágúst og fram í september síðastliðin 30 ár verður ekki opin í sumar.

Markaðurinn er stór hluti af sumarhefðum margra og því ljóst að missirinn er mikill. Jón Jóhannsson eða Nonni í Dalsgarði hefur verið potturinn og pannan í markaðshaldinu öll 30 árin.

„Þetta er búin að vera ágætis törn og erfið ákvörðun að taka því þetta hefur gefið mér mikið og stór félagslegur þáttur í lífi margra sem komu hér til að fá sér kaffibolla og kíkja á mannlífið, ekki síður en kaupa grænmeti og annan varning“ segir Nonni.

## Mikil bílaumferð um dalinn

„Þróunin hefur verið mikil á þessum árum og það hefur tekið tíma að byggja þetta upp en allt rennur sitt skeið. Traffíkin hefur oft og tíðum verið það mikil að bílum er lagt hingað og þangað og hafa truflað þannig eðlilega umferð um dalinn.

Ég hef stundum verið kominn út á þjóðveginn að reyna að stjórna umferðinni. Við þurfum að taka tillit til nágranna okkar sem þurfa að hafa aðgang að sínum heimilum.“

## Blómleg ferðapjónusta

„Í raun var þetta bara orðið of mikið, þetta var ekki bara að standa og selja á laugardögum heldur mikill undirbúningur og svo frágangur að lokum. Það var kominn tími á að endurbyggja markaðssvæðið og fleira.

Við reukum hér líka blómlega ferðapjónustu sem vex og dafnar með hverju ári. Hingað fáum við fjölda ferðamanna bæði innlenda og erlenda og mikil ánægja meðal gesta okkar. Við leggjum okkur fram um að gera umhverfið sem huggulegast og stílum mikið upp á fjölskyldufólk“ segir



NONNI OG VALA Á GÓÐUM DEGI Í DALNUM

Nonni og tekur fram að það séu fjölmargir fastagestir, sérstaklega landsbyggðarfólk, sem kemur aftur og aftur.

## Þakklæti efst í huga

Nonni segir að þakklæti sé honum efst í huga til allra þeirra sem hafa lagt markaðnum lið og komið að þessu með okkur á síðustu 30 árum.

„Við fengum mikil viðbrögð þegar við tilkynntum að

markaðurinn yrði ekki áfram. Það komu fjölmörg skilaboð með þökkum og öðrum skemmtilegum skilaboðum.

Nú höfum við sumarið til að hugsa okkar gang, kannski gerum við bara eitthvað annað hérna á svæðinu. Íhugum hvort að við séum nógu ung til að byrja á einhverju nýju,“ segir Nonni að lokum en tekur fram að sumarblómasalan í Dalsgarði muni fara fram með sama sniði og undanfarin ár.



UNDIRLAG SETT Í BLAKHÖLLINA Í FELLINU EN ÞAR VERÐUR LEIKIÐ Á SEX VÖLLUM

Mosöld 2024 • Öldungamót Blaksambandsins hefst í Mosfellsbæ í dag • 1.200 keppendur • Þriggja daga dagskrá

# BÆRINN FYLLIST AF BLÖKURUM

Mosöld 2024 er Öldungamót Blaksambands Íslands og líklega stærsta mót fyrir fullorðna ár hvert á Íslandi. Mosöld fer fram í Mosfellsbæ og hefst í dag 9. maí og stendur til 11. maí.

Blakdeild Aftureldingar hefur veg og vanda af mótinu og eru yfir 150 lið skráð en til að vera gjaldgengur þá þarf að vera 30 ára á árinu eða eldri. Spilaðir verða 453 leikir í 15 kvennadeildum og 7 í karladeild-

um frá fimmtudegi til laugardags.

Um 1.200 keppendur verða á Varmásvæðinu og í Mosfellsbæ keppnisdagana. Blakhátíðinni lýkur svo með glæsilegu lokahófi að Varmá á laugardagskvöldið.

## Mikil stemning á Varmásvæðinu

Auk keppni í Íslandsmóti Öldunga fara fram tveir landsleikir sem eru styrktarleikir fyrir A-landslið Íslands í blaki sem eru að

fara í dýrt verkefni í maí og júní þegar bæði liðin taka þátt í Silver league keppninni.

Á fimmtudaginn kl. 20 mun karlalandslið Íslands keppa við All-star lið erlendra leikmanna sem eru leikmenn sem spila með íslenskum liðum og á föstudaginn kl. 20 mun íslenska kvennalandsliðið spila við landslið Færeyja.

Barna- og unglíngaráð stendur fyrir glæsilegri veitingasölu í fimleikasalnum að

Varmá og knattúsið verður gert að blakhöll með sex völlum ásamt markaði þar sem fyrirtæki munu kynna og selja vörur.


Mosfellingar eru hvattir til að kíkja á Varmásvæðið og upplifa þessa víðfrægu stemmingu sem fylgir Öldungamótunum.

Blakdeildin er mjög þakklát stuðningsaðilum sínum á þessu risamóti og hafa vellið 15, sem spilað er á, hlotið nöfn þeirra fyrirtækja sem styrkja mótið.



# Frumkvöðlar óskast!

Lumar þú á frumlegri hugmynd sem gæti gert gott samfélag enn betra?



Sæktu um nýsköpunarstyrk Mosfellsbæjar og hugmyndin þín gæti orðið að veruleika.

**Styrkupp hæð er kr. 1.000.000.**

Skilyrði er að nýsköpunarverkefnið tengist eða gagnist Mosfellsbæ á einhvern hátt.

Umsóknarfrestur er til 20. maí 2024.

Nánari upplýsingar má finna á [mos.is/nyskopun](http://mos.is/nyskopun)



# Hreinsunaráttak í Mosfellsbæ



## DAGANA 8.–20. MAÍ VERÐUR HREINSUNARÁTTAK Í MOSFELLSBÆ

Á því tímabili eru íbúar Mosfellsbæjar hvattir til að huga að umhverfinu og hreinsa í kringum hús sín og næsta umhverfi.

### Hreinsun gróðurs og lóða

Meðan á hreinsunaráttakinu stendur er gott tækifæri fyrir íbúa að taka til hendinni í garðinum og snyrta runna og beð og eru þeir sérstaklega hvattir til að klippa hekk og tré sem ná yfir gangstéttar og stíga.



### Gámar fyrir garðaúrgang verða aðgengilegir á þessu tímabili í hverfum bæjarins á eftirtöldum stöðum:

- **Holta- og Tangahverfi** – Neðan Þverholts (milli Akurholts og Arnartanga)
- **Höfða og Hlíðahverfi** – Vörubílastæði við Bogatanga
- **Teiga- og Reykjahverfi** – Skarhólabraut ofan Reykjavegar og við Sunnukrika
- **Hlíðartúnshverfi** – Við Aðaltún
- **Helgafellshverfi** – Efst í Brekkulandi og við Snæfríðargötu
- **Leirvogstunga** – Á stæði við stoppistöð á Tunguvegi
- **Mosfellsdalur** – Á bílastæði við Pingvallaveg

### Hreinsunardagar á opnum svæðum 17.–20. maí

Helgina 17.–20. maí verður ráðist í hreinsunaráttak á opnum svæðum bæjarins og með fram nýbyggingarsvæðum. Afturelding og skátafélagið Mosverjar munu að venju aðstoða við hreinsunina og taka vel til hendinni.

Allir íbúar Mosfellsbæjar eru hvattir til að taka þátt í hreinsunaráttaki Mosfellsbæjar og hjálpast að við að gera bæinn fallegan og snyrtilegan fyrir sumarið.

Umhverfissvið Mosfellsbæjar

Mosfellsbær

www.mos.is

525 6700



Samstarfshópurinn við Hlíðavöll: Óskar Þór arkitekt, Ágúst framkvæmdastjóri GM, Andrea, Hildur og Bergljót frá Reykjadal, Vífill Björnsson arkitekt og Palli Líndal.

Palli Líndal og GM safna fyrir Reykjadal með móti 8. júní

## Styrktarmótið Palla Open haldið í 4. sinn

Fjórdi árið í röð hafa Golfklúbbur Mosfellsbæjar og Palli Líndal ákveðið að taka höndum saman og halda Palla Open styrktarmótið í golfi.

Í ár verður mótið haldið til styrktar sumarbúðunum í Reykjadal. Verkefnið hófst með Palla Open á síðasta ári þar sem átti að nota styrktarfé, sem var yfir þrjár milljónir, til að útbúa 20 fermetra búningsklefa fyrir einstaklinga með miklar sérþarfir. Þessi búningsklefi átti að vera með tilheyrandi sérþúnaði.

Eftir að verkefnið fór af stað og arkitektarnir Óskar Þór Óskarsson og Vífill Björnsson fóru að skoða málið fórum menn að velta fyrir sér hvort að þessi breyting á gömlu húsnæði myndi ganga. Áhættan við að fara í þessar breytingar þótti of mikil vegna óvissu um breytingar á gömlu húsnæði.

Í framhaldi af þessu var ákveðið í samráði við sumarbúðirnar í Reykjadal, Golfklúbb Mosfellsbæjar og Palli Líndal að safna fyrir endurbótum á búningsklefum fyrir sundlaugina í Reykjadal og séraðstöðu fyrir einstaklinga með miklar sérþarfir.

Verkefnið hefur því stækkað töluvert eða frá því að fara úr 20 fermetrum í rúmlega 120 fermetra rými. Eins má áætla að kostnaður við þetta verkefni aukist töluvert og má áætla að hann verði um 12-15 milljónir. Það er þegar byrjað að leita að samstarfsaðilum að þessu verkefni sem eru vonandi tilbúnir að leggja styrktarfé á móti styrktarfé Palla Open sem verður á milli 6-7 milljónir.

### Stefnir í metþáttöku

Á Palla Open í fyrra mættu til leiks 244 kylfingar og var þetta stærsta golfmót GM á síðasta ári. Eins var þetta næst stærsta golfmót á Íslandi í fyrra. Í ár stefnir aftur í metþáttöku.

Palla Open verður haldið laugardaginn 8. júní á Hlíðarvelli og er þáttökugjald 7.500 kr. Fyrsta holl verður ræst út kl. 7.

Blik Bistro verður með sérstakt tilboð á steikarhlaðborði fyrir þátttakendur mótsins og verður hægt að skrá sig á það um leið og þátttakendur skrá sig á mótið. Eins verða góð tilboð á öðrum veigum.

Skráning í mótið hefst á föstudaginn kl. 10:00 og fer fram í gegnum golfboxið.

## SUMARSTARFSMAÐUR ÓSKAST

Ráðið er í fjórar vikur yfir sumartímann á námskeiðin. Hægt er að semja um að vinna bæði heilan og hálfan vinnudag yfir þessar 4 vikur.

Í sumar verður boðið upp á sumarnámskeið Lágafellssóknar fyrir 6-9 ára krakka eins og síðustu ár. Námskeiðin verða starfrækt að safnaðarheimili Lágafellssóknar, Þverholts 3, 270 Mosfellsbæ.

Vinnutími starfsfólks verður á bilinu kl. 8:30 - 16:30 með sveigjanleika eftir vinnuskipulagi. Vika 1: 10. - 14. júní / Vika 2: 18. - 21. júní / Vika 3: 24. - 28. júní / Vika 4: 12. - 16. ágúst

Nánari upplýsingar veitir Bogi æskulýðsfulltrúi: bogi@lagafellskirkja.is s: 6906766, sr. Arndís Linn sóknarprestur s: 8668947, Ólína Margeirsdóttir formaður sóknarnefndar Lágafellssóknar s: 8981795.

Umsóknir sendast á: lagafellskirkja@lagafellskirkja.is




VEGANVEISLA

TÓKÝÓ

# TRÍÓ MÁNADARINS

AÐEINS 2.390 KR.

Í maí færðu stóra Bistro, Tókýó eða Veganveislu á aðeins 2.390 kr. ef þú pantar í appinu eða á vefnum, greiðir fyrirfram og sækir í Háholtið. Pantaðu núna!



BISTRO





SVIPMYNDIR FRÁ SUMARDEGINUM FYRSTA  
**SUMRI FAGNAÐ**



Myndir/RaggiÓla



# Alla leið á öruggari dekkjum

Bókaðu tíma í dekkjaskipti í N1 appinu



Skannaðu kóðann og náðu í N1 appið



### Michelin Cross Climate 2

- Sumardekk fyrir norðlægar slóðir
- Öryggi og ending
- Halda eiginleikum sínum vel út líftímann
- Gott grip við allar aðstæður
- Endingarbestu sumardekkinn á markaðnum



### Michelin Pilot Sport 5

- Sumardekk fyrir þá kröfuhördustu
- Veita óviðjafnanlega aksturseiginleika
- Frábært grip og góð vatnslosun
- Endingarbestu dekkinn í sínum flokki



### Michelin e-Primacy

- Öryggi og ending
- Frábært grip og góð vatnslosun
- Einstakir aksturseiginleikar
- Ferð lengra á hleðslunni / tanknum
- Kolefnisjafnaður flutningur frá framleiðanda

### Hjólbarðapjónusta N1

Bíldshöfða	440 1318	Langatanga Mosfellsbæ	440 1378
Fellsmúla	440 1322	Reykjavíkurvegi Hafnarfirði	440 1374
Réttarhálsi	440 1326	Grænásbraut Reykjanesbæ	440 1372
Ægisíðu	440 1320	Dalbraut Akranesi	440 1394
Klettagörðum	440 1365	Réttarvammí Akureyri	440 1433





# Sumarnámskeið fyrir börn og unglunga



Nú er sumarið að nálgast og að vanda er fjölbreytt frístundastarf í boði fyrir börn og unglunga í Mosfellsbæ. Nánari upplýsingar um námskeiðin munu koma inn á [www.mos.is](http://www.mos.is).

## Stuðningur


Frístundasvið í samvinnu við velferðarsvið Mosfellsbæjar benda foreldrum á að boðið er upp á stuðning fyrir börn og ungmenni með sérþarfir inn á sumarnámskeið og sumarvinnu sem í boði eru í Mosfellsbæ. Nánari upplýsingar: [elisan@mos.is](mailto:elisan@mos.is)

## Ert þú að halda námskeið?

Öll þau sem vilja koma á framfæri upplýsingum um námskeið fyrir börn og unglunga geta sent upplýsingar á netfangið [dana@mos.is](mailto:dana@mos.is)



## Auglýsing um skipulag



### Tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir lokahús við Völuteig

Veitudeild Mosfellsbæjar vinnur að því að koma upp svokölluðu lokahúsi milli íbúðarsvæðis við Víðiteig og athafnasvæðis við Völuteig. Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir 70 m<sup>2</sup> mannvirki sem hýsir loka auk rafmagns og stýriskápa. Aðkoma að lóðinni er frá Völuteig.



### Tillaga að deiliskipulagsbreytingu Álafoskvosar fyrir Álanesskóg

Breytingin felur í sér stækkun á mörkum deiliskipulags Álafoskvosar um Álanesskóg. Markmiðið er að skilgreina frekar áætlanir og heimildir til framkvæmda, grisjunar og viðhalds skógarins í samræmi við kröfur Umhverfisstofnunar. Áætlað er að gera Álanesskóg að útivistarskógi með áningarstöðum og trjákurldum stígum.

Hægt er að kynna sér tillögurnar á vef Mosfellsbæjar á slóðinni [mos.is/skipulagsauglysingar](http://mos.is/skipulagsauglysingar) og á vef Skipulagsstofnunar á slóðinni [skipulagsgatt.is](http://skipulagsgatt.is)

Athugasemdir skulu berast með rafrænum hætti í gegnum skipulagsgáttina. Athugasemdafrestur er til og með 24. júní 2024.



Mosfellsbær

[www.mos.is](http://www.mos.is)

525 6700



HJÓLABRAUT Í UNDIRBÚNINGI

Tilbúin braut um miðjan júní • Frisbíggvöllur uppfærður

## Útbúa fjallahjólabraut í Ævintýragarðinum

Framkvæmdir eru hafnar við nýja fjallahjólabraut í Ævintýragarðinum í Ullarnesbrekkum.

Magne Kvam hjá Icebike, sem sá um að leggja gönguskíðabrautirnar í Blikastaðalandinu í vetur, sér um framkvæmdina. Stefnt er að því að brautin verði tilbúin um miðjan júní. Fljótlega verður einnig farið í að uppfæra frisbíggvöllinn

í Ævintýragarðinum þar sem nokkrum brautum verður hliðrað til og heilsárspallar lagðir. Vaxandi áhugi er fyrir bæði frisbíggvelli og fjallahjólreiðum og aðstæður í Mosfellsbæ þykja henta sérstaklega vel fyrir báðar greinar.

Framkvæmdirnar í Ævintýragarðinum eru hluti af því að styrkja og efla Mosfellsbæ sem heilsueflandi samfélag.



BIGGI OG NÍNA ÁSAMT ÁGÚSTI FRAMKVÆMDASTJÓRA GM

Hjónin Biggi og Nína taka við veitingarekstrinum í dalnum

## Nýir vertar í Bakkakoti

Undirritaður hefur verið samningur við nýja verta í golfskalanum í Bakkakoti.

Það eru þau Jónína Unnur Gunnarsdóttir og Birgir Örn Sigþórsson sem munu sjá um rekstur golfskálans í Bakkakoti næstu árin. Jónína og Birgir eru margreynd í veitingafransanum og hafa komið víða við. Þau eru bæði virkilega spennit fyrir þessari nýju áskorun sem og golfklúbburinn.

Það hafa verið miklar breytingar í

Bakkakoti síðastliðið ár, fyrst ber að nefna framkvæmdir við breytingar á vellinum. Kláraðar verða tvær nýjar brautir núna í byrjun sumars.

Risinn er glæsilegur garðskáli sem stórbætir aðstöðuna fyrir alla kylfinga. Í gamla skalanum hefur eldhúsið verið tekið í gegn og verið er að leggja lokahönd á breytingar á afgreiðslunni þar. Einnig hafa verið keypt ný húsgögn.

## Laus störf í Mosfellsbæ

Öll laus störf hjá Mosfellsbæ og stofnunum má sjá og sækja um á ráðningarvef bæjarins: [www.mos.is/storf](http://www.mos.is/storf)



Mosfellsbær

[www.mos.is](http://www.mos.is)

525 6700



**FMOS**

Framhaldsskólinn  
í Mosfellsbæ

# Innritun er hafin fyrir haustönn

Félags- og hugvísindabraut  
Náttúruvísindabraut  
Opin stúdentsbraut  
-hestakjörsvið  
-íþrótt- og lýðheilsukjörsvið  
Íslenskubraut

Íslensku mennta-  
verðlaunin 2023



[www.fmos.is](http://www.fmos.is)



# Sunnudagur 12. maí Lágafellskirkja

## Kl. 11 Blessunarguðsþjónusta skírnarbarna

Skírnarbörn síðustu ára boðin sérstaklega velkomin á krúttlega fjölskyldustund með krílasalmasniði í umsjá Aslaugu Helgu Hálfánardóttur djákna, Guðlaugu Helgu Guðlaugsdóttur & prestana



## Kl. 13 - 15:30 VORHÁTIÐ BARNASTARFSINS

Barnakór, saga, hoppukastalar, Dr. Bæk, andlitsmáling og léttar veitingar í boði! Hátiðin verður sameiginleg með vinum okkar úr barnastarfi Árbæjarkirkju!

lagafellskirkja.is



Tryggja öryggi nágranna • Stækka völinn um 6,4 hektara

## Unnið að deiliskipulagi við stækkun Hlíðavallar

Mosfellsbær hefur gert samkomulag við Golfklúbb Mosfellsbæjar um að vísa ósk félagsins um stækkun golfvallarins og gerð deiliskipulags til skipulagsnefndar.

Þá var samþykkt að hefja strax vinnu við fjórðu braut með það að markmiði að tryggja öryggi í nærliggjandi byggð.

Í fyrsta áfanga sem unninn verður í ár felst hönnun vegna stækkunar og snúnings vallarins og flutningur og stytting fjórðu brautar til að afstýra hættu sem stafar að aðliggjandi byggð auk hönnunarvinnu og samstarf Golfklúbbsins við Mosfellsbæ um gerð deiliskipulags vallarins.

Þá vísaði bæjarráð skipulagsgerð Hlíðavallar og stækkunar vallarins um 6,4 hektara, í samræmi við tillögu Golfklúbbs Mosfellsbæjar, til úrvinnslu skipulagsnefndar.

Heildarframlag Mosfellsbæjar við tilfærslu brauta og stækkun vallarins er áætlað 55 m.kr. á árunum 2024-2026, sem skiptist þannig að framlag ársins 2024 er samkvæmt fjárfestingaráætlun 18,3 m.kr. og samsvarandi fjárhæðir árin 2025 og 2026.

Fyrir lok júlí 2024 munu Mosfellsbær og Golfklúbbur Mosfellsbæjar vinna að samkomulagi um síðari áfanga verksins.



Útfararþjónusta  
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



ÓFÖGUR AÐKOMA

## Skemmdarverk í fuglaskoðunarhúsinu

Brotist var inn í fuglaskoðunarhúsið við Leiruvoginn á dögnum. Eldur hefur verið kveiktu, gluggar skildir eftir opnir og gestabók skemmd ásamt öðrum sódaskap.

ALLT  
FASTEIGNASALA

Sérsniðin þjónusta til  
byggingaraðila

ALLT.IS - ALLT@ALLT.IS - 5605505





Styrktarmótið

# PALLA OPEN

8. júní | Hlíðavöllur

Fjórða árið í röð verður styrktargolfmótið Palla Open haldið á Hlíðarvelli í boði Golfklúbbs Mosfellsbæjar. Í ár verður framhald af söfnum frá því í fyrra sem á að ljúka framkvæmd við að útbúa sérstakan búningaklefa fyrir einstaklinga með miklar sérþarfir.

Eins er óskað eftir ábendingum um verkefni sem gætu bætt hag og létt líf fjölskyldna sem eiga langveik börn í Mosfellsbæ.

Til að koma ábendingum á framfæri vinsamlegast sendið póst á [pall.lindal@gmail.com](mailto:pall.lindal@gmail.com)

**Keppnisfyrirkomulag:**

Tveggja og fjögurra manna Texas Scramble

**Skráning:**

Fer fram á golfboxinu

**Skráning hefst:**

10. maí, klukkan 10:00

**Mótsgjald 7.500 kr.**

Þáttökugjald fæst ekki endurgreitt





Mosfellsbær í samstarf við Deloitte • Rafræn undirskrift

## Samið um úttekt á upplýsingatæknimálum

Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri og Guðrún Ólafsdóttir sviðsstjóri upplýsingaráðgjafar hjá Deloitte hafa undirritað samning milli Mosfellsbæjar og Deloitte um úttekt á upplýsingatæknipjónustu og kerfis- og tækniumhverfi Mosfellsbæjar. Undirritunin var að sjálfsgöðu rafræn. Í úttektinni verður lögð áhersla á þjónustustig, kostnað, öryggismál, persónuvernd og innkaup.

Endurskoðun á upplýsingatæknimálum Mosfellsbæjar er talin nauðsynlegt skref í átt að nútímavæðingu þjónustunnar fyrir áframhaldandi stafræna vegferð og styður við þá áherslu Mosfellsbæjar að vera í

fremstu röð í stafrænni þróun og nýtingu upplýsingatækni í þágu bæjarbúa og starfsfólks.

Ráðgjafateymi Deloitte hefur mikla reynslu í greiningum tæknilegra innviða, upplýsingatækni ráðgjöf, bestun kostnaðar, netöryggis- og persónuverndarmálum. Útkoman verður forgangsraðaður vegvísir að innleiðingu breytinga á verklagi og skipulagi upplýsingatæknimála.

Verkefnið er þegar hafið og mun Deloitte vinna það í góðu samstarfi við stofnanir og stjórnendur Mosfellsbæjar. Stefnt er að því að kynna afurðir úttektarinnar í júní.

# AÐ VEFA SAMAN LITUM

LAUGADAGINN 11. MAÍ 13:00-15:00



Listasmiðja fyrir öll börn með Hönnu Dís Whitehead í Bókasafni Mosfellsbæjar

Í smiðjunni verður unnið með litríkan pappírs vefnað þar sem mynstrum, litum og formum er blandað saman.

Aðgangur er ókeypis og öll börn velkomin!



Listasalur Mosfellsbæjar

## Eiginleikar í Listasalnum

Listasalur Mosfellsbæjar opnaði sýninguna Eiginleikar (e. Attributes) eftir Hönnu Dís Whitehead þann 20. apríl. Á sýningunni er leikið með ólíka eiginleika efniviða, forma og hluta.

Litagleði og kómískt yfirbragð tekur á móti gestum á þessari stórskemmtilegu sýningu þar sem hverdagslegir munir dansa á línu listar og hönnunar. Sýningin er hluti af Hönnunar-mars og stendur til 17. maí.



## RABBAÐ UM ERFÐAMÁL

í Bókasafni Mosfellsbæjar  
16. maí kl. 16:30

Fræðsluerindi um erfðarétt og erfðamál með Elísabetu Pétursdóttur, lögmanni hjá Lögfræðipjónustu Hafnarfjarðar.

Elísabet mun fara yfir ýmis hagnýt atriði er varða erfðarétt, s.s. helstu erfðareglur, hvernig standa ber að erfðaskrá, hvaða atriði algengt er að erfðaskrá fjalli um og hvaða heimildir einstaklingur hefur sem situr í óskiptu búi. Einnig atriði er lúta að fyrirframgreiddum arfi, erfðafjárskatti og fleira. Tími gefst til almennra fyrirspurna og umræðu um efnið.

Aðgangur ókeypis og öll velkomin!



Næsta blað kemur út:

**6. JÚNÍ**

Efni og auglýsingar skulu berast fyrir kl. 12, mánudaginn 3. júní.







Bæjarlistamenn Mosfellsbæjar • Tónleikar víða um land

## Gildran lék fyrir nemendur í Varmárskóla

Bæjarlistamenn Mosfellsbæjar, hljómsveitin Gildran, lék fyrir nemendur í hátíðarsal Varmárskóla föstudaginn 3. maí.

Félagarnir tóku þá nokkur af sínum þekktustu lögum og virtust krakkarnir hafa gaman af rokkinu hjá Mosfellingunum.

Hljómsveitin kom saman síðasta haust

eftir 10 ára hlé og hélt tónleikaröð sem sló rækilega í gegn. Nú í maímánuði heldur Gildran ferna tónleika á Norður- og Austurlandi. Þá verða þeir félagar á Bræðslunni í sumar og eiga eflaust eftir að halda áfram að túra um landið á næstunni. Þeir vinna nú í nýju efni sem brátt lítur dagsins ljós.

## SVEITASÆLAN 2024

Sumarnámskeið

Við í Húsdýragarðinum á Hraðastöðum bjóðum krökkum að koma á námskeið og upplifa lífið í sveitinni. Okkar markmið með námskeiðinu er að krakkarnir skemmti sér vel, læra að umgangast dýr og njóti þess að vera í sveitinni. [hradastadir.is/namskeid](http://hradastadir.is/namskeid)



SKRÁNING  
HAFIN

## Ævintýranámskeið Mosverja

Skemmtileg útlífisnámskeið fyrir ævintýragjarna krakka

- Vika 1 - 10.-14. júní - laus pláss
- Vika 2 - 18.-21. júní - ath. 4 dagar
- Vika 3 - 24-28. júní - nokkur laus pláss
- Vika 4 - 5.-7. júlí - nokkur pláss
- Vika 5 - 8.-12. júlí - laus pláss
- Vika 7 - 8.-11. ágúst - ath. 4 dagar

Fyrir 1.-4. bekk  
Skráning fer fram á:  
[www.sportabler.com/shop/mosverjar](http://www.sportabler.com/shop/mosverjar)  
Upplýsingar má finna á:  
[www.facebook.com/aevintyranamskeidmosverja](http://www.facebook.com/aevintyranamskeidmosverja)





# DR. BÆK

í Bókasafni Mosfellsbæjar  
25. maí kl. 12-15

Við hvetjum allt hjólreiðafólk til að koma með hjólhestana sína í fría ástandsskoðun hjá doktornum í upphafi sumars.

Hann með kemur farandskoðunarstöðina sína, pumpu, olíur og nokkra skiptilykla. Doktorinn skoðar hjólin og vottar heilsu þeirra.



## „Ef ég væri grágæs“


í Bókasafni Mosfellsbæjar

Miðvikudaginn 22. maí kl. 17

Síðasta sögustund vetrarins verður með heldur óhefðbundnu sniði en í stað upplesturs fáum við leikhópinn Mikil ósköp í heimsókn með skemmtilega ferðasýningu.

Sýningin heitir „Ef ég væri grágæs“ og fjallar um veruna Grjótgerði sem þráir það að vera ekki bara grá, heldur líka glöð og hýr á brá, líkt og grágæsin.

Sýningin er 25 mínútur að lengd, uppfull af tónlist, leik og dansi. Leikarar sýningarinnar eru Ellen Margrét Bæhrenz og Arnmundur Ernst Backman.



## TÁLGUNARSMIÐJA

FYRIR BÖRN

Í BÓKASAFNI MOSFELLSBÆJAR

1. JÚNÍ KL. 13-14 & 14-15

Langar þig til þess að prófa að tálga? Eða langar þig að tálga meira? Nú er tækifærið því laugardaginn 1. júní verður tálgunarsmiðja fyrir börn í Bókasafni Mosfellsbæjar.

Smiðjan er ætluð 6-12 ára börnum en 9 ára og yngri komi í fylgd með fullorðnum. Smiðjustjóri er Bjarni Þór Kristjánsson, handverksmaður og kennari. Allur efniviður, tæki og tól verða til taks á staðnum.

Tvær samskonar smiðjur eru í boði, sú fyrri kl. 13 og sú seinni kl. 14. Hámarksfjöldi í hvora smiðju eru 7 börn og er skráning nauðsynleg. Skráning fer fram í gegnum sumarfrístundarvef Völu - [sumar.vala.is](http://sumar.vala.is)



## MYNDASÖGUSMIÐJA

FYRIR 10-12 ÁRA

Í BÓKASAFNI MOSFELLSBÆJAR

11.-13. JÚNÍ KL. 9:30-12:00



Hefur þú gaman af allskonar týpum? Flest okkar hafa sett upp grettu, fýlu eða gleðibros fyrir myndavélina, en hvernig teiknum við þessi ólíku svipbrigði? Í myndasögusmiðjunni skapa þátttakendur sínar eigin myndasögupersónur frá grunni og læra að breyta hversdaglegum hlutum í stórskemmtilegar persónur.

Smiðjustjóri er Vilborg Bjarkadóttir, myndlistarkennari.

Smiðjan er ókeypis og er allt efni innfalið. Skráning er nauðsynleg og fer fram í gegnum sumarfrístundarvef Völu - [sumar.vala.is](http://sumar.vala.is).



Listamannaspjall

*Eiginleikar*  
*Attributes*

10. maí kl.16

**Hanna Dís**  
**Whitehead**




**Ungbarnanudd**

í Bókasafni Mosfellsbæjar  
24. maí kl. 10:30

Eyrún Björk Svansdóttir  
hjúkrunarfræðingur fræðir  
foreldra um ungbarnanudd.

Rannsóknir sýna fram á  
marga kosti ungbarnanudds,  
það viðheldur m.a. heilsu,  
bætir svefn og eykur  
öryggstilfinningu, vellíðan og  
tengslamyndun.

Foreldrar og yngstu börnin  
velkomin.



**20%**



EUROVISION



Veislu- og grillþjónusta  
Fæðu tilboð í þína veislu!

Kjötbúðin Sunnukrika 3

**HELGAR-  
TILBOÐ**

**20% AFSLÁTTUR**

...AF ÖLLUM HAMBORGURUM

...AÐ UNGNAUTALUND DELUXE  
Í TRUFFLUMARINERINU

**ALLTÍ GRILLPARTYIÐ**



**KJÖTBÚÐIN**

www.kjotbudin.is



# Tónlist gefur manni svo mikið

**H**ulda Jónasdóttir hlaut tónlistarlegt uppeldi frá blautu barnsbeini og hefur tónlistin fylgt henni æ síðan. Á heimili hennar var mikið hlustað á blús, djass og klassíska tónlist og gömlu góðu íslensku lögin voru einnig í hávegum höfð.

Árið 2016 skellti Hulda sér í nám í viðburðastjórnun og stofnaði sitt eigið fyrirtæki í kjölfarið, Gná tónleikar. Nú skipuleggur hún og viðburðastýrir tónleikum og ýmsum öðrum viðburðum af öllum stærðum og gerðum.

Hulda er fædd á Sauðárkróki 1. janúar 1963. Foreldrar hennar eru Erla Gígja Þorvaldsdóttir matráður og tónlistarkona og Jónas Þór Pálsson málameistari, leiktjaldasmiður, trommari og listmálari en hann lést árið 2016. Þau hjónin settu mikinn svip á menningarlíf Skagfirðinga hér á árum áður.

Hulda á tvö systkini, Björn f. 1953 skipstjóra og Þórdísi f. 1957 húsmóður.

## Naut þess að hlusta

„Ég er alin upp á Sauðárkróki, þeim fallega bæ og þar var ákaflega ljúft og gott að alast upp. Ég eignaðist marga góða vini sem enn í dag eru meðal minna bestu vina. Við lékum okkur mikið úti í náttúrunni og brölluðum margt skemmtilegt.

Ég var mjög ung þegar ég byrjaði að hlusta á tónlist, pabbi hlustaði á djass og blús en mamma meira á karlakórana og gamla íslenska tónlist. Saman hlustuðu þau svo á klassíska tónlist þannig að tónlistarvalið hjá þeim var mjög fjölbreytt.

Ég átti gamlan plötuspilara og naut þess að hlusta, var sjö ára þegar ég eignaðist mína fyrstu vinyplötu, plötu með Bessa Bjarnasyni leikara þar sem hann söng vísur Stefáns Jónssonar. Ég var líka aðdáandi Svanhildar Jakobsdóttur og eignaðist margar plötur með henni.“

## Ómissandi partur af aðventunni

„Jólstemmingin á Króknum þegar ég var að alast upp var einstök. Aðalgatan var hlaðin skemmtilegum verslunum og það var gaman að ganga á milli þeirra og kaupa jólagjafir.

Ég var svo heppin að afi minn, Þorvaldur Þorvaldsson, rak verslunina Vísi á þessum árum og þar fékk skólalastelpa vinnu fyrir jólin. Afi setti alltaf jólasvein út í glugga og var hann ómissandi partur af aðventunni hjá Króksurum.

Ég man sérstaklega stemminguna á Þorláksmessukvöldi þegar opið var til miðnættis, þá komu margir við í búðinni hjá afa. Sumir til að kaupa í jólamatinn, aðrir til að kaupa jólagjafir og sumir til að fá sér hressingu, eina Spur Cola og Smakk súkkulaði áður en haldið var áfram. Eftir lokun var svo farið til Huldu ömmu sem beið með nýsteiktar kleinur og ískalda mjólk.



Fjölskyldan: Hreindís Ylva, Hulda, Hulda með Areyju og Garðar með Sóleyju, Yngvi Rafn og Sigrún Anna.



## Ómissandi partur af aðventunni

„Jólstemmingin á Króknum þegar ég var að alast upp var einstök. Aðalgatan var hlaðin skemmtilegum verslunum og það var gaman að ganga á milli þeirra og kaupa jólagjafir.

Ég var svo heppin að afi minn, Þorvaldur Þorvaldsson, rak verslunina Vísi á þessum árum og þar fékk skólalastelpa vinnu fyrir jólin. Afi setti alltaf jólasvein út í glugga og var hann ómissandi partur af aðventunni hjá Króksurum.

Ég man sérstaklega stemminguna á Þorláksmessukvöldi þegar opið var til miðnættis, þá komu margir við í búðinni hjá afa. Sumir til að kaupa í jólamatinn, aðrir til að kaupa jólagjafir og sumir til að fá sér hressingu, eina Spur Cola og Smakk súkkulaði áður en haldið var áfram. Eftir lokun var svo farið til Huldu ömmu sem beið með nýsteiktar kleinur og ískalda mjólk.



Fjölskyldan: Hreindís Ylva, Hulda, Hulda með Areyju og Garðar með Sóleyju, Yngvi Rafn og Sigrún Anna.

Ég kem alltaf til með að bera hlýjar og góðar tilfinningar til Sauðárkróks“, segir Hulda og brosir.

## Hóf störf í Noregi

„Hulda gekk í barna- og gagnfræðaskólann á Sauðárkróki og átti þar góð ár. Á sumrin þegar hún hafði aldur til þá starfaði hún í sjoppu, fiski og í versluninni hjá afa og svo hjálpaði hún föður sínum með bókhald en hann rak málningarfyrirtæki og var oft og tíðum með marga menn í vinnu.

Eftir útskrift úr gaggó 1980 fór ég til Noregs og hóf störf á SAS hóteli. Mig langaði til að prófa að vinna einhvers staðar annars staðar en á Íslandi og læra nýtt tungumál í leiðinni.

Þegar ég kom heim aftur þá fór ég í Fjölbautarskólann á Sauðárkróki og útskrifaðist sem stúdent 1984. Ég flutti svo til Reykjavíkur og leigði um tíma með vinkonu minni. Ég hóf nám í snyrtifræði við Fjölbautaskólann í Breiðholti og útskrifaðist þaðan árið 1988, í framhaldi starfaði ég svo við förðun í Íslensku óperunni.“

## Gaman að skoða nýja staði

Hulda kynntist eiginmanni sínum, Garðari Hreinsyni smíði, á balli með Geirmundi árið 1983. Þau keyptu sér íbúð í Mosfellsbæ en fluttu fljótlega í Mosfellsdalinn þar sem þau byggðu sér hús og þar búa þau enn. Börn þeirra eru Hreindís Ylva f. 1989 skrifstofustjóri, leikari og söngkona og Yngvi Rafn f. 1991 smíður og tónlistarmaður. Barnabörnin eru tvö Arey Hólm og Sóley Herdís.

„Hesta og hundahald hefur alltaf fylgt okkur fjölskyldunni. Okkur finnst einnig mjög gaman að ferðast og skoða nýja staði, við Garðar höfum verið dugleg að fara með börnin alveg frá því þau voru litil. Eftir að þau fluttu að heiman þá hittumst við alltaf reglulega og borðum saman. Okkur finnst

líka mjög gaman að skreppa saman í sumarbústaðaferðir og svo eru leikhús og tónleikaferðir í miklu uppáhaldi fyrir jafnt stóra sem smá fjölskyldumeðlimi.“

## Ákvað að stíga skrefinu lengra

Hulda hefur unnið ýmis konar störf í gegnum tíðina, í fiski, verslunarstörf, bókhaldi, bankastörf og er í dag þjónustufulltrúi í Lágafellsskóla. En hvernig skyldi hafa staðið á því að hún fór út í það að halda tónleika? „Þetta byrjaði í rauninni allt með styrktartónleikum, frænka mín og maðurinn hennar voru búin að vera mikið veik og höfðu lítið getað unnið. Mér datt því í hug að húa saman listafólki og halda tónleika fyrir þau.

» **Þetta gekk allt svo ljómandi vel og var svo skemmtilegt að ég ákvað að stíga skrefinu lengra**

Í kjölfarið fylgdu nokkrir styrktartónleikar, þar á meðal fyrir tvo Mosfellinga. Þetta gekk allt svo ljómandi vel og var svo skemmtilegt að ég ákvað að stíga skrefinu lengra. Ég ákvað að skella mér í nám í viðburðastjórnun og stofna fyrirtæki í kringum þetta allt saman, Gná tónleikar. Þessi verkefni mín eiga hug minn allan og ég er að skipuleggja og viðburðastýra tónleikum og viðburðum af öllum stærðum og gerðum. Ég hafði reyndar alla mína skólagöngu alltaf verið í árshátíðar-, skemmti- og tónlistarnefndum svo þetta er greinilega eitthvað sem ég hef alltaf haft mikinn áhuga á.“

## Þetta vatt svo upp á sig

„Ég hef verið að heiðra gömlu góðu söngvarana okkar, Erlu Þorsteinsdóttur, Helenu Eyjólfsdóttur, Hauk Morthens,

## HIN HLIÐIN

**Hvað ertu að háhorfa á?** Ég er algjör sökkur fyrir skandinavískum glæpaseríum og þessa dagana er ég að horfa á Gæsamömmuna.

**Hvaða tungumál talar þú?** Íslensku, ensku og norsku.

**Hvað er það fyrsta sem þú gerir þegar þú vaknar?** Fæ mér kaffibolla og sest í sólstofuna mína, horfi út um gluggann og hugsa hvað ég sé heppin að búa í Mosfellsdalnum.

**Hvaða lag kemur þér alltaf í girinn?** Það getur verið ansi misjafn, fer eftir stað og stund en ég hlusta mikið á tónlist, Eva Cassidy er í sérstöku uppáhaldi.

**Besta gjöf sem þú hefur fengið?** Ég er skíróð í hófuðið á ömmu minni og við vorum mjög nánar. Þegar hún lést þá færði afi mér skartgripasafnið hennar, mér þykir mjög vænt um þá gjöf. Eins myndirnar hans pabba en hann var listmálari.

**Syngur þú í sturtu?** Já það kemur alveg fyrir, svo góður hljómur.

**Leiðinlegasti dagur vikunnar?** Reyni nú yfirleitt að hafa þá bara alla skemmtilega.

**Hvað er það versta sem þú hafur bragðað?** Súr hvalur og hákarl.



AÐ LOKNUM TÓNLEIKUM



HULDA 9 ÁRA



HJÓNIN Á ÍTALÍU

Mjöll Hólm og Svanhildi Jakobsdóttur og hafa tónleikarnir farið fram í Hofi á Akureyri og í Salnum í Kópavogi.

Fyrstu alvöru tónleikarnir sem ég skipulegði voru tónleikarnir, Út við himinbláu sundin, þetta áttu bara að vera einir tónleikar en þeir gengu svo vel að þeir urðu fimm talsins. Þetta vatt svo upp á sig og í kjölfarið fylgdu alls kyns tónleikar og viðburðir m.a. sjómannatónleikar og fleiri heiðurstónleikar.“

## Hvað er hægt að biðja um meira

„Síðustu tónleikar sem ég hélt voru til heiðurs sjálfum Gunnari Þórðarsyni, Himinn og jörð. Gunnar og fjölskylda hans heiðruðu okkur með nærveru sinni og voru afar sátt, hvað er hægt að biðja um meira?“ segir Hulda og brosir. „Við náum vonandi að endurtaka þessa tónleika því færri komust að en vildu. Fólk finnst gaman að heyra þessa gömlu góðu íslensku lög.

Ég hef líka verið að aðstoða aðra við að skipuleggja alls kyns viðburði og nú síðast Rotarý á Íslandi með klassíska tónleika svo eitthvað sé nefnt. Á teikniborðinu eru svo fleiri tónleikar. Þetta er mjög skemmtilegt og gefandi starf sem ég elska,“ segir Hulda að lokum er við kveðjumst.



# GOLF OG LEIKJANÁMSKEIÐ

Í GOLFKLÚBBI MOSFELLSBÆJAR

SKRÁNING OG  
NÁNARI UPPLÝSINGAR  
Á [GOLFMOS.IS](http://GOLFMOS.IS)

## JÚNÍ

10. - 14. (5 dagar)

18. - 21. (4 dagar)

## JÚLÍ

8. - 12. (5 dagar)

15. - 19. (5 dagar)

22. - 26. (5 dagar)

## ÁGÚST

6. - 9. (4 dagar)

12. - 16. (5 dagar)

GOLFKLÚBBUR



MOSFELLSBÆJAR



ÁSGEIR OG BIRNA



## Ásgeir nýr formaður

Á aukafundi aðalstjórnar Aftureldingar þann 2. maí var Ásgeir Jónsson kjörinn nýr formaður félagsins. Þá voru þau Niels Reynisson og Hildur Bæringsdóttir einnig kjörin í stjórn.

Ásgeir leysir Birnu Kristínu Jónsdóttur af hólmi sem hefur genget formennsku síðustu sex ár og Niels og Hildur koma inn í stað Sigurðar Rúnars Magnússonar og Reynis Inga Árnasonar.

Fyrir sitja einnig í aðalstjórn þau Hrafn Ingvarsson varaformaður, Geirarður Long, Inga Hallsteinsdóttir og Hildur Pála Gunnarsdóttir.



FYRSTA SIGRI SUMARSINS FAGNAD



HAFSTEINN PÁLSSON FYRSTI FORMAÐUR KNATTSPYRNUDEILDARINNAR HEIÐRAÐUR

Boltinn byrjaður að rúlla • Heimaleikir í Mjólkurbikarnum 17. og 19. maí

# Stórleikir í bikarnum

Fótboltasumarið er komið á fleygiferð og meistara-flokkar Aftureldingar eiga spennandi heimaleiki í 16-liða úrslitum Mjólkurbikarsins. Meistaraflokkur kvenna mætir bikarmeisturum Víkings sunnudaginn 19. maí kl. 14:00 en þjálfari Víkings er John Andrews fyrrum þjálfari og leikmaður hjá Aftureldingu.

Meistaraflokkur karla fær stórlið Vals í heimsókn föstudaginn 17. maí kl. 19:30. Í liði Vals má meðal annars finna Gylfa Þór Sigurðsson, Birki Má Sævarsson og Aron Jóhannsson sem hafa allir spilað á HM í fótbolta. Birkir Már er einmitt bróðir Arons Elí Sævarssonar fyrirliða Aftureldingar og því munu bræður berjast á Malbikstöðinni að Varmá í þeim leik.

Þá eiga strákarnir næsta heimaleik í deild gegn

Grindavík föstudaginn 24. maí kl. 19:15. Mosfellingar eru hvattir til að mæta á völinn í sumar.

### Stelpurnar Lengjubikarmeistarar B-deilda

Mikil gleði er í kringum stelpurnar en þær byrjuðu tímabilið á því að sækja þrjú stig á móti ÍBV.

Breytingar urðu á þjálfarateymi fyrir tímabilið en við liðinu tóku Perry MacLachlan og Toni Deion Pressley, með þeim er Ingvar Þór Kale markmannspjálfi.

Stelpurnar tryggðu sér í fyrsta skipti í sögu félagsins sigur í Lengjudeildarkeppni kvenna B-deild. Undirbúningstímabilið gefur fyrirheit um skemmtilegt og gott sumar. Næsti heimaleikur í Lengjudeildinni er gegn Grindavík 23. maí kl. 19:15.

Skarphéðinn Hjaltason landaði sínum fyrstu stóru titlum í júdó

## Tvöfaldur Íslandsmeistari

Íslandsmóti karla og kvenna í júdó fór fram laugardaginn 27. apríl í Laugardalshöllinni. Skarphéðinn Hjaltason úr JR sigraði bæði -90 kg flokkinn og Opinn flokk en þar mætti hann Aðalsteini í úrslitum og vann með glæsilegu kasti.

Þetta voru fyrstu Ísland-meistararitlar Skarphéðins í flokki fullorðinna. Fram undan er Norðulandamót í lok maí þar sem hann keppir bæði í U-21 og fullorðinsflokk.



SKARPHÉÐINN FYRIR MIÐJU



## Brons hjá Kraft Mos

Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar, Kraft Mos, náði sér í tvö brons á Íslandsmeistararamóti unglunga um helgina.

Alexander Fannar Hallsson í 83 kg flokkki og Helgi Kristberg Ólafsson Born í 93 kg flokkki en hann er nú kominn í landsliðshóp.

Gríðarlegur áhugi er um þessar mundir á kraftlyftingum, þá sérstaklega á meðal eldri borgara.

Má greina þennan mikla áhuga eftir að Rúv fór að fjalla um kraftlyftingar sem heilsurækt.



LOGI GEIRSSON

Mosfellingurinn Logi Geirsson

## Óstöðvandi í glímunni

Stærsta uppjafarglímumót Íslands, Mjólnir Open, var haldið hjá Mjólmi í apríl. Alls voru rúmlega níutíu keppendur skráðir til leiks frá átta félögum víðs vegar um landið. Keppt var í 10 þyngdarflokkum, 6 hjá körlum og 4 hjá konum.

Í opnum flokki karla sigraði Mosfellingurinn Logi Geirsson en hann vann allt sem hægt var að vinna á mótinu en auk þess að sigra opna flokkinn, sigraði hann einn sinn þyngdarflokk (-99kg) og hlaut auk þess verðlaun fyrir uppjafartak mótsins.

### Nýtti sumarið vel á styrk frá Mosó

Nýlega fór Logi til Finnlands og tók þátt, með öðrum Mjólnisstrákum, í ADCC North European Open.

Logi gerði sér lítið fyrir og vann gull í -88 kg flokki.

Fram undan er svo Íslandsmót í uppjafarglímum sem fram fer 25. maí.

Það er gaman að segja frá því hann er einn af þeim ungmönnum sem hlaut styrk frá Mosfellsbæ síðastliðið sumar til þess að stunda sína íþrótt (brazilian jiu jitsu) af krafti. Hann nýtti sumarið og æfði vel. Hann er fæddur 2005 og hefur æft í Mjólmi síðan 2017 ásamt því að æfa taekwondo, handbolta og körfubolta hjá Aftureldingu á grunnskólaaldri.

**AFTURELDINGAR  
VÖRURNAR  
FÁST HJÁ OKKUR**



**JAKO**  
SPORT ÍSLANDI



# Sumarnámskeið Aftureldingar



**SUMARNÁMSKEIÐ  
KÖRFUBOLTAEILDAR**

10-14.júní  
17.-21.júní  
24.-28.júní  
1.-5.júlí  
5.-9.ágúst  
12.-16.ágúst



Upplýsingar: saebi@simnet.is  
skráning á Sportabler  
Verð : 5.000 kr

## KNATTSPYRNUSKÓLI AFTURELDINGAR





18.-21.júní  
24.-28.júní  
1.-5.júlí  
6.-9.ágúst  
12.-16.ágúst

UPPLÝSINGAR : BJARKI@AFTURELDING.IS  
VERÐ: 10.900KR  
SKRÁNING Á SPORTABLER



**Fjallahjólæfingar  
Unglinga**

nánari upplýsingar hjá yfirþjálfara  
olibraga@gmail.com



1.-5. JÚLÍ  
6.-9. ÁGÚST  
12.-16. ÁGÚST

## SUMARNÁMSKEIÐ HANDBOLTANS

UPPLÝSINGAR : GUNNAR@AFTUELDING.IS  
SKRÁNING Á SPORTABLER  
VERÐ: 8.900 KR

## Sumarnámskeið Fimleikar & Sund

**Heilsdagsnámskeið**  
🕒 8:00 - 16:00

10. - 14. júní	8. - 12. júlí	Vikunámskeið
18. - 21. júní	6. - 9. ágúst	Verð: 25.000 kr.
24. - 28. júní	12. 16. ágúst	Með hádegismat
1. - 5. júlí		Verð: 30.500 kr.





Fulltrúar Tindahlaupsins skrifa undir. Hrannar frá Kyndli, Regína bæjarstjóri, Heiðar frá Nettó og Gunna Stína frá blakdeildinni.



Nettó áfram aðalstyrktaraðili • Þriggja ára samningur

# Tindahlaupið verður 15 ára í túninu heima

Tindahlaup Mosfellsbæjar verður haldið laugardaginn 31. ágúst, í tengslum við bæjarhátíðina Í túninu heima. Um er að ræða 15 ára afmæli hlaupsins og verður því mikið um húllumhæ í samstarfi við aðalstyrktaraðila hlaupsins, Nettó.

Bæjarstjóri Mosfellsbæjar, fulltrúi blakdeildar Aftureldingar, fulltrúi björgunarsveitarinnar Kyndils og fulltrúi Nettó undirrituðu þann 11. apríl samning til þriggja ára um að Nettó verði aðalstyrktaraðili hlaupsins til ársins 2026.

Tindahlaup Mosfellsbæjar er krefjandi og skemmtilegt utanvegahlaup sem haldið er í Mosfellsbæ síðustu helgina í ágúst ár hvert í tengslum við hátíðina Í túninu heima. Bodið er upp á fjórar vegalengdir; 1, 3, 5 og 7 tinda, og því eiga byrjendur sem og lengra komnir að finna leið við hæfi. Nettó hefur verið aðalstyrktaraðili Tindahlaupsins frá árinu 2022.

## Stefnir í stærsta hlaupið hingað til


Að sögn Regínu Ásvaldsdóttur bæjarstjóra hefur Tindahlaupið vaxið gífurlega á síðustu árum og farið úr 60 í um 450 þátt-

takendur sem gerir hlaupið eitt af stærstu hlaupum ársins hérlendis. „Við fögnum samstarfinu við Nettó og einnig farsælli samvinnu við skipuleggjendur, blakdeild Aftureldingar og björgunarsveitina Kyndil. Ég veit að hlaupið í ár verður sérstaklega skemmtilegt nú á 15 ára afmælinu. Miðað við vöxt síðustu ára eigum við von á yfir 500 þátttakendum í ár og auðvitað nokkrum nýjum Tindahöfðingjum sem eru þau sem fara allar fjórar vegalengdir hlaupsins.“

## Áhersla á heilsu og heilbrigði

Heiðar Róbert Birnison, rekstrarstjóri Nettó, segir að það sé fyrirtækinu mikil ánægja að halda áfram að styrkja Tindahlaupið, sem hefur náð að festa sig í sessi í dagatali utanvegahlaupara sem skemmtileg en krefjandi áskorun.

„Það skiptir líka máli að hlaupið býður upp á fjórar mismunandi leiðir og vegalengdir, sem gerir það aðgengilegra fyrir fleiri. Við hjá Nettó leggjum mikla áherslu á heilbrigði og heilsu í okkar starfi og Tindahlaupið því fullkominn samstarfsaðili fyrir okkur.“



Sterkustu skákmenn landsins öttu kappi í Kletti

# Íslandsmótið í skák haldið í Mosfellsbæ


Íslandsmótið í skák fór fram í íþróttamiðstöðinni Kletti í Mosfellsbæ dagana 16. - 27. apríl. Lokaumferðin fór fram laugardaginn 27. apríl og tóku helstu stórmeistarar landsins þátt.

Lokahófið fór fram á Blik þar sem að Gunnar Björnsson, forseti Skáksambandsins og Halla Karen Kristjánsdóttir formaður

bæjarráðs Mosfellsbæjar afhentu viðurkenningar.

Helgi Áss Grétarsson varð Íslandsmeistari og fór taplaus í gegnum mótið.

Í öðru sæti var Vignir Vatnar Stefánsson og saman í þriðja og fjórða sæti voru Guðmundur Kjartansson og Hilmir Freyr Heimisson.







Kiwanisklúbburinn Mosfell kynnir:

# Íþróttir fyrir alla íþróttamenn framtíðarinnar

Parkour, ólympískar lyftingar, kringlukast og aðrar kastgreinar. Hnefaleikar, júdó, kraftlyftingar og styrktarþjálfun. Íþróttir og hreyfing fatlaðra. Næringarfræði.



Yfirþjálfari: Bjarni Páll Pálsson M.Ed.  
Arna Ösp Gunnarsdóttir næringarfræðingur.  
Gestakennarar í öllum greinum sem auglýstar eru.



Námskeiðið byrjar 10. júní og er til 27. júní  
kl. 9 til 14 í Íþróttamiðstöðinni að Varmá

**Verð 24.000 kr.** Námskeiðið er niðurgreitt af Kiwanisklúbbnum Mosfelli.  
Skráning: [hjaltiar@simnet.is](mailto:hjaltiar@simnet.is) - Nánari upplýsingar 897 8626.







## Kepptu á Íslandsmóti í skák

Sunnudaginn 14. apríl fór fram Íslandsmót skólasveita í skák í Rimaskóla. Lágafellsskóli sendi lið í keppnina fyrir 8.-10. bekk. Tefldar voru sjö umferðir eftir svissneska kerfinu og höfðu leikmenn 10+2 mín umhugsunar tíma. Fjórir skipa hvert lið og eftirfarandi nemendur skipuðu lið Lágafellsskóla:

Vignir Óli Gunnlaugsson, Jóel Tobiasson Helmer, Arnar Bjartur Valdimarsson og Hrafn Elí Arndal Maríuson úr 8. bekk.

Alls kepptu 22 sveitir á mótinu og Skák-sveit Lágafellsskóla endaði í 6. sæti. Flottur árangur hjá strákunum og er skólinn virkilega stoltur af þeim og árangri þeirra.



HEIMFERÐ Í HERJÓLFI

## Nemendur í skólaferðalag til Vestmannaeyjar

Þann 23. apríl fór 4. árgangur í Varmárskóla í langþráð skólaferðalag til Vestmannaeyja.

„Aðdragandi ferðalagsins var langur en skemmtilegur en við höfum verið að læra um eldgos í vetur. Við vildum fræðast meira og úr varð að ákveðið var að fara til Vestmannaeyja og læra um eldgos í Heimaey og hvaða áhrif það hafði á samfélagið þar.

Farið var í að safna fyrir ferðinni, haldin var myndlistarsýning með vöflusölu og söfnuðum við líka dósam. Þetta tókst hratt og vel og ferðin sett á dagskrá. Farið var með rútu til Landeyja og Herjólfli þaðan til Eyja. Veðrið lék við okkur allan tímann.

Í Eyjum heimsóttum við Eldheimasafnið þar sem hægt var að skoða hús sem hafði verið grafið upp úr hrauninu. Þaðan var farið í Herjólfssdal þar sem við gátum leikið okkur og svo skoðuðum við Herjólfsskála. Þar lærðum við um landnámsmanninn Herjólf og hans fólk. Við fengum tækifæri til að heimsækja mjaldrana í Sealife. Þeir léku á als oddi og sýndu listir sínar. Við keyrðum um eyjuna og sáum öll helstu kennileiti eyjanna.



Stakkó og Vigartorg voru skemmtilegir staðir fyrir samveru og nutum við þess að leika okkur saman. Heimleiðin gekk líka eins og í sögu enda sjórin sléttur og útsýnið stórbrotið. Allir fóru sáttir og sælir að sofa um kvöldið enda mikil ævintýraferð að baki.

Bestu kveðjur frá umsjónarkennurum 4. bekkjar í Varmárskóla.



## Íslandsmótið í bridge í Fmos

Íslandsmótið í sveitakeppni í bridge fór fram í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ dagana 25.-28. apríl. Sveit InfoCapital gerði sér lítið fyrir og tryggði sér Íslandsmeistarátitilinn. Sveit Tick Cad ehf hafnaði í 2. sæti og sveit Kjörís í 3. sæti.



## Sumarið er tíminn - til þess að lesa

Það ætti ekki að hafa farið fram hjá neinum að sólin hefur hækkað á lofti og hljóðin úti breyst, við heyrum í börnum leika sem er hinn sanni vorboði og um leið er erfiðara að halda þeim að heimanámi. Eftir langan vetur þráum við frí.



Þeirra á því sem þau eru að lesa til dæmis með samtali um bækur eða lesa það sem fyrir augu ber eins og auglýsingar, mataruppskriftir, matseðil eða draga fram uppáhaldsbókina og lesa hana aftur. Við sýnum þannig að lestur er alls staðar.

Einn þáttur ætti alls ekki að fara í frí en það er lestur. Lestur er undirstaða náms og með lestri er verið að auka orðaforða og lesskilning. Við lestur bóka dýpkar orðaforði sem er undirstaða góðs lesskilnings.

Megin markmiðið er að taka ekki frí og gera lestrarstundir að jákvæðri samverustund sem allir njóta og sýnum gott fordæmi með því að lesa sjálf. Að setjast niður með bók í hönd er töfrastund sem gefur okkur tækifæri til þess að fræðast og gleðjast.

Nú gengur sumarið í garð og losnar um rútnuna sem einkennir vetrarstarfið. Mikilvægt er að muna eftir lestrinum því annars er hætt við að árangur vetrarins glatist. Á sumrin bjóðast tækifæri til þess að brjóta upp lestrarstundirnar. Stöðrum við og sýnum lestrarefni barnanna áhuga til dæmis að ræða við þau um það sem er verið að lesa.


Börn á öllum aldri vilja að lesið sé fyrir þau og með þeim. Eflum skilning

Lestur er kjarninn í öllu námi og nýttum tímann fram undan til þess að njóta þess að lesa, lærum að nota tækifærin sem bjóðast. Með lestri erum við að gefa börnunum okkar bestu gjöf sem við getum gefið þeim.

Kæru íbúar Mosfellsbæjar  
Gleðilegt lestrarsumar

Kristín Edda Guðmundsdóttir,  
ráðgjafi í skólaþjónustu Mosfellsbæjar

FRÆÐSLUSKRIFSTOFA MOSFELLSBÆJAR



BYGGINGAFÉLAGIÐ  
**BAKKI**





Borgarholtsskóli

## Opið fyrir umsóknir nemenda úr 10. bekk umsóknarfrestur til 8. júní

### Bóknám til stúdentsprófs

- Félags- og hugvísindabraut
- Náttúrufræðabraut
- Heilsu- og lífsstílsbraut
- Viðskipta- og frumkvöðlabraut

### Ípróttakademía

### Bíliðngreinar

- Bifvélavirkjun
- Bifreiðasmíði
- Bílamálun

### Málmíðngreinar

- Blikksmíði
- Rennismíði
- Stálsmíði
- Vélvirkjun
- Pípulagnir

### Listnám

- Grafísk hönnun
- Kvikmyndagerð
- Leiklist

## Allar upplýsingar á [borgo.is](http://borgo.is)

# MATJURTAGARÐAR

Opnað hefur verið fyrir umsóknir um matjurtagarða í Mosfellsbæ

Matjurtagarðar bæjarins verða staðsettir austan við Varmárskóla þar sem gömlu skólagarðarnir hafa verið. Aðkoma að görðunum verður að norðanverðu frá tjaldsvæðinu við eldri deild Varmárskóla. Aðgengi að vatni og kaffiskúr verður við garðana.

### Staðsetningu garða og fyrirkomulag má sjá á meðfylgjandi korti.

Leiguverð fyrir matjurtagarða er óbreytt, eða 2.500 kr. fyrir 50 fm garð.

Tekið er við umsóknum á netfangið [matjurtagardar@mos.is](mailto:matjurtagardar@mos.is)

**Garðar verða tilbúnir til notkunar föstudaginn 17. maí nk.**

Einnig eiga íbúar í Mosfellsbæ möguleika á að fá leigða matjurtagarða á vegum Reykjavíkurborgar í Skammadal. Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar sér um útleiguna og geta áhugasamir sett



síg í samband við Þóru Jónasdóttur, umsjónarmann matjurtagarða í Reykjavík, í síma 411 1111, eða í netfangið [matjurtagardar@reykjavik.is](mailto:matjurtagardar@reykjavik.is), og látið skrá sig á lista með ósk um garð. Taka þarf fram að viðkomandi sé íbúi í Mosfellsbæ.

Umhverfissvið Mosfellsbæjar



MOSFELLSBÆR



# Uppbygging á Varmárvæði

Okkar kæra Varmárvæði hefur þjónað bæjarbúum og fleirum einstaklega vel í gegnum árin, flestir íbúar nýta sér þá frábæru aðstöðu sem þar er að finna á einni eða annan hátt.

Svæðið er sannarlega mikilvæg líffæð okkar samfélags. Íbúum er stöðugt að fjölga og iðkendum sem stunda íþróttir að Varmá einnig, það kallar því á áframhaldandi uppbyggingu á svæðinu svo aðstæðan geti staðist nútíma kröfur.



## Nýr aðalvöllur

Framkvæmdirnar á aðalvöllinum að Varmá hafa eflaust ekki farið framhjá neinum, enda stórar vélar þar að störfum. Unnið er hörðum höndum að því að skipta um jarðveg á hinum sögufræga aðalvelli, í framhaldinu þarf að fergja áður en hægt verður að hefjast handa við að leggja á nýtt gervigras á knattspyrnavöllinn.

Í næstu áföngum þar á eftir mun svo nýr frjálfsíþróttavöllur líta dagsins ljós, við hlið knattspyrnuvallarins, með 200 metra hlaupabraut sem mun geta nýst öllum bæjarbúum vel. Að auki verður jarðvegurinn undir framtíðar stúkubyggingu undirbúinn. Það er því verið að taka stór skref í átt að enn betri aðalvelli að Varmá.

## Sparkvöllur við Varmáarskóla

Á skólalóðinni við Varmáarskóla er fyrsti hluti endurbóta á skólalóðinni hafinn sem felur í sér að koma upp nýjum upphituðum sparkvelli ásamt stálrimlagirðingu umhverfis völinn, hellulögn og ljósastaurum.

Kallað var eftir hugmyndum frá nem-

endum Varmáarskóla þegar hugmyndavinna við nýja skólalóð hófst og voru flestir sem óskuðu eftir sparkvelli.

## Hjólbraut í Ævintýragarðinum

Í Ævintýragarðinum eru framkvæmdir hafnar við nýja fjallahjólbraut sem gert er ráð fyrir að verði tilbúin í júní. Brautin verður mikil lyftistöng fyrir hjólreiðafólk og kærkomin viðbót. Þá verður farið í að uppfæra frísbíggjvöllinn í sumar, færa til nokkrar brautir og leggja heilsárspalla.

Núverandi meirihluti hefur lagt mikið upp úr því að eiga gott samráð með hagsmunaaðilum við uppbyggingu á Varmárvæðinu, það er mikilvægt að vandað sé til verka og verkefnið unnið faglega, með hagsmunum allra að leiðarljósi.

Til að styðja við næstu skref sem þarf að taka við uppbyggingu Varmárvæðis var unnin skýrsla um þarfagreiningu þjónustu- og aðkomubyggingar að Varmá. Mun hún hjálpa til við að ná enn betur utan um framtíðarsýn fyrir svæðið og þá uppbyggingu mannvirkja sem framundan er.

Það eru því mörg spennandi verkefni í gangi og á döfinni á Varmárvæðinu sem munu vafalítið efla íþróttastarf í Mosfellsbæ enn frekar.

*Erla Edvardsdóttir formaður  
íþrótt- og tómstundaneftardar,  
Sævar Birgisson varaformaður  
íþrótt- og tómstundaneftardar*



## Fuglaganga

### Fuglaganga í Leiruvoginum 25. maí

Hið íslenska náttúrufræðifélag og Mosfellsbær bjóða upp á fræðslugöngu og fuglaskoðun í Leiruvogi þann 25. maí.

Fuglalíf í voginum er mikið allt árið um kring en í lok maí ættum við að sjá stóra hópa vaðfugla á leið til Grænlands og Kanada ásamt mörgum öðrum erlendum og hérlandum fargestum ofan á þá fínu sem heldur til þar á varptíma.

Upphafsstaður göngu er frá dælustöð neðan Holtahverfis kl. 10 laugardaginn 25. maí.  
Mælt er með því að allir mæti með kiki og fuglabók.



# SAMFESTINGURINN 2024



Samfestingurinn var haldinn 3. & 4. maí í Laugardalshöll.

Á föstudagskvöldinu var haldið ball með því markmiði að skemmta 4500 unglingum landsins. Bólið fór með 134 frábæra unglinga sem voru öll til fyrirmyndar.

Á laugardeginum fór fram söngkeppni Samfés. Ásdís Eva komst áfram fyrir hönd Bólsins en vegna veikinda gat hún því miður ekki keppt á lokakeppninni.

Í dómarahleí tróð upp okkar maður Nóri, sigurvegari rímnaflæði og gerði það að sjálfsögðu með stæl.





## ÍPRÓTTIR OG ÁFENGI

Ég hitti góðan félagi á körfubolta-leik um síðustu helgi. Sömu helgi og það voru hópslagmál í stúkunnunni eftir leik Keflavíkur og Grindavíkur í úrslitakeppni karla. Félaginn hefur áhyggjur af því hvað það er orðið vinsælt og sjálfsagt að selja bjór á leikjum á Íslandi. Í öllum hóþróttunum, körfubolta, handbolta og fótbolta. Ég deili þessum áhyggjum með honum. Við Íslendingar erum ekki beinlínis heimsfræg fyrir að kunna að fara vel með áfengi, það er ennþá inngróði í taugakerfi þjóðarinnar að drekka mikið og hratt þegar tækifæri gefst eftir áratugi af bjórbanni.

Við erum að sjá í auknum mæli félög selja bjór fyrir og á meðan leik stendur, opinberi tilgangurinn er að vera í takt við tímann - það er jú hægt að kaupa bjór á leikjum erlendis, af hverju ekki hér? En raunverulegi tilgangurinn er tekjuöflun, félög skapa sér tekjur með því að selja þyrstum bjór í kringum leiki. Bjórsölumenn elska þennan markað, íþróttahæimurinn er í endalausri endurnýjun. Leikmenn í yngri flokkum mæta margir á völinn til að styðja sín lið, þeir eru móttækilegir og opnir fyrir hegðun þeirra eldri.

Bjórtdöldin eru ekki beinlínis falin, þau eru fyrir allra augum. Og þeir sem kaupa bjór taka hann með sér á áhorfendapallana. Er þar með fyrirmyndir þeirra yngri, ómeðvitað eða meðvitað. Ég hitti einn sóttblekaðan á mínum aldri á handboltaleik í Mosfellsbænum í þar síðustu viku. Seinni hálfleikur var að byrja og ég þurfti að hjálpa honum að finna leiðina út, hann gat ekki haldið sér á löppunum lengur.

Er þetta sniðugt? Er góð hugmynd að selja áfengi á íþróttaleikjum? Passar þetta vel saman? Bjórfyrirtækin eru líka að taka yfir hlaðvarpsheiminn. Er styrktaraðilar flestra ef ekki allra stærstu fótboldahláðvarpana þar sem hressir hlaðvarpsstjórar dásama bjórtegund stuðningsaðilans og taka þar með þátt í að búa til sterka tengingu milli áfengis og íþróttar.

Guðjón Svansson  
gudjon@kettlebells.is



# Árinu skilað með rekstrarafgangi

Ársreikningur Mosfellsbæjar 2023 liggur nú fyrir en um er að ræða ársreikning fyrsta heila árs meirihluta B, S og C lista.

Það er verulega ánægjulegt að fyrsta heila ársreikningsári okkar sé skilað með rekstrarafgangi, það er ekki sjálfsagt í því rekstrarumhverfi sem sveitarfélög búa við um þessar mundir. Niðurstaðan sýnir styrkt aðhald í rekstrinum og að áætlanir ganga vel eftir.

Niðurstaða reikningsins er að árið skilar 341 milljón króna í rekstrarhagnað sem er viðsnúningur frá 900 milljóna rekstrar-tapi árið 2022. Verðbólgan hafði gríðarleg áhrif í rekstri bæjarins eins og hjá öðrum sveitarfélögum. Verðbólguþá ársins 2023 var 4,9% en niðurstaðan var 7,7%.

Niðurstaða ársins hjá Mosfellsbæ var því fjármagnskostnaður, vextir og verðbætur, upp á ríflega 1,7 milljarð króna sem var um 400 milljónum hærri kostnaður en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir.

Tekjur ársins voru um 20,3 milljarðar en þær skiptast í útsvar og fasteignaskatt upp á tæpa 12 milljarða, greiðslur frá Jöfnunarsjóði upp á tæpa 3,5 milljarða og aðrar tekjur upp á ríflega 4,9 milljarða. Byggingarréttargjöld námu rúmlega 700 milljónum króna. Byggingarréttargjöldin vega aðeins á móti háum fjármagnskostnaði en vegna íbúafölgunar og uppbyggingar hefur sveitarfélagið þurft að ráðast í kostnaðarsamar fjárfestingar með lánsfé sem ber háa vexti í dag.

## Blómlegt samfélag

Þegar líður að sumri eru flestir tilbúnir í hækkanði sól, hita og gott veður. Þolið fyrir umræðum um pólitísk mál minnkar. Og það á ekki bara við um íbúa, við pólitískt kjörnir fulltrúar viljum líka horfa inn í sumarið og á það fallega og bjarta.

Í göngutúr um hverfið mitt í síðustu viku velti ég fyrir mér um hvað ég ætti að skrifa og ákvað að horfa á það sem við höfum fram að færa. Þegar sú ákvörðun var tekin urðu á vegi mínum einstaklingar sem leggja sig fram um að rækta sitt nærumhverfi án þess að láta mikið á því bera.

### Góðgerðarvika Helgafellsskóla

Í síðustu viku kom frétt á Facebook síðu Helgafellsskóla þar sem sagt var frá góðverkaviku Helgafellsskóla sem verður haldin síðustu vikuna í maí. Eitt af því sem nemendur skólans hafa gert í vor er að sá alls kyns fræjum af sumarblómum, kryddplöntum og kirsuberjatömötum.



Allar helstu lykiltölur eru vel ásætlanlegar. Sem dæmi er veltufé frá rekstri, sem sýnir hversu mikið stendur eftir til að standa undir afborgunum lána og fjárfestingum, um 1,9 milljarðar eða um 9,5% af tekjum. Skuldaviðmið fer einnig lækkanði en það er nú 94,5%, hefur lækkað úr 104% í ársreikningi 2022.

Ekki er rými hér til að fara yfir ársreikninginn í smáatriðum en við bendum áhugasömum á að hann er aðgengilegur á mos.is. Við viljum þó draga sérstaklega fram eftirfarandi þrjú atriði.

### Mikilvægi lækkunar verðbólgu

Það hefur ekki farið fram hjá neinum að verðbólgan hefur verið erfið viðureignar. Lækkun verðbólgu skiptir rekstur sveitarfélagsins gríðarlegu máli. Þannig munu vaxtagreiðslur Mosfellsbæjar lækka um 170-180 milljónir króna um hvert prósentustig sem verðbólgan lækkar. Af því má sjá að það er til mikils að vinna að ná tökum á verðbólgunni.

### Starfsmannafjöldi - launakostnaður

Laun og launatengdur kostnaður eykst milli ára, eða um 1,4 milljarða. Þessi aukni kostnaður er að stærstum hluta vegna samninga um yfirtöku Skálatúns frá miðju ári 2023, hækkunar launavísitölu og kjarasamninga.

Fjöldi starfsmanna Mosfellsbæjar í árslok 2023 var 945 samanborið við 848 árið 2022. Stöðugildi voru 782 samanborið við 712 árið 2022. Stöðugildi Skálatúns voru 70 talsins og starfsmenn 110 þannig að ljóst er

að fjölgun stöðugilda er að mestu tilkomin vegna Skálatúns.

### Framkvæmdir

Samkvæmt ársreikningi er 84% tekna varið til fræðslumála, velferðarmála og íþrótt- og tómsundamála. Eftir standa þá 16% til annars reksturs og framkvæmda. Það er því ljóst að uppbygging í vaxandi sveitarfélagi kallar á lántöku.

Ýmis stór og kostnaðarsöm verkefni hafa verið í gangi og má þar nefna sem dæmi miklar viðgerðir og endurbætur á Kvíslarskóla, byggingu nýs leikskóla í Helgafellshverfi, nýjan gervigrasvöll að Varmá, endurbætur leikskólalóða og gatnagerð.

Uppbygging sveitarfélagsins þarf að vera í takti við íbúafjölgun en samtímis þarf að gæta ítrasta aðhalds og huga að sjálfbærni til framtíðar. Þarna þarf að finna gott jafnvægi í þeirri verðbólgu sem blasir við.

### Áfram veginn

Mosfellsbær býr að öflugu og reynslu-miklu starfsfólki sem er vakið og sofið yfir verkefnum sínum og skilar af sér rekstri í samræmi við áætlanir þær sem bæjarstjórn samþykkir. Fyrir það ber að þakka.

Eins og fram hefur komið þá er rekstrarumhverfi sveitarfélaga flókið þessi misserin og nauðsynlegt að gæta að hverju skrefi. Fjárfestingaráætlanir þarf að yfirfara og gæta að því að sveitarfélagið reisi sér ekki hurðarás um öxl. Það er hlutverk bæjarfulltrúa að horfa til framtíðar, taka skynsamlegar ákvarðanir í dag sem hafa heillavænleg áhrif á samfélag okkar til framtíðar.

Anna Sigríður Guðnadóttir, oddviti Samfylkingar  
Halla Karen Kristjánsdóttir, oddviti Framsóknar  
Lovísa Jónsdóttir, oddviti Viðreisnar



Þessi afrakstur er til sölu á góðu verði og rennur ágóðinn til góðra málefna. Hægt er að koma við í gróðurhúsinu virka daga frá klukkan 12-14.

### Verslum í heimabyggð

Sumarblómin fylgja óneitanlega sumrinu og við erum svo heppin að geta keypt þau hér í okkar bæ. Áður var minnst á sumarblómin, kryddjurtirnar og tómatana í Helgafellsskóla. Dalsgarður er með mikla sumarblómarækt ásamt rósum og jarðarberjaplöntum.

Og ekki má gleyma snillingunum á Skálatúni sem hafa opna vinnustofu frá klukkan 8.30-15.30 á virkum dögum. Þessa dagana standa þau fyrir myndlistarsýningu í Lágafellslaug sem er gaman að sjá.

### Hlúum að nærumhverfinu

Í göngutúr í liðinni viku gekk ég fram á eldri hjón sem höfðu upp á sitt einsdæmi tekið að sér part af beði fyrir neðan Einsteig.

Þar eru þau búin að reita og snyrta beð, setja niður tré og trjáskúr yfir. Trjábeðið er með eindæmum snyrtilegt og vel um gengið. Fyrir þetta framtak má svo sannarlega hrósa.

Svo er það plokkarinn í Reykjahverfi sem dundar sér við það að taka göngutúr og snyrta nærumhverfið allt árið um kring, ekki bara á stóra plokkgagninn. Um daginn fór hann Hafravatnsveg frá Reykjahverfi upp að Hafravatni. Næst þegar við eigum leið þar um má hugsa til þessa göngugarps og þakka honum fyrir að hugsa um sitt nærumhverfi.

Samfélag myndast af þeim sem búa á svæðinu, lifa saman og nýta auðlindirnar sem eru í umhverfinu. Þess vegna skiptir máli að við sem búum í okkar góða bæ lítum til þess sem er í boði og stöndum með því sem boðið er upp á.

Gleðilegt sumar!

Dagný Kristinsdóttir  
oddviti Vina Mosfellsbæjar



...fyllgstu með okkur

www.facebook.com/mosfellingur

## Vegna mikillar sölu leitum við að öllum gerðum eigna í þínu hverfi. Hafðu samband.

Ef þú ert í söluhugleiðingum hafðu samband við **Jón Rafn** í síma 695 5520 eða með tölvupósti jon@miklaborg.is eða við **Óskar** í síma 691 2312 eða með tölvupósti osa@miklaborg.is

MIKLABORG

Með þér  
alla leið



Jón Rafn Valdimarsson  
löggr. fasteignasali  
Sími: 695 5520  
jon@miklaborg.is



Óskar S. Axelsson  
löggr. fasteignasali  
Sími: 691 2312  
osa@miklaborg.is

569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is  
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggitir fasteignasalar



**Eva Magnúsdóttir**  
Þessi markaður í Mosó sem hefur verið fastur liður hjá okkur Mosfellíngum og fleirum er að hætta. Um leið og ég vil þakka frumkvöðlum fyrir frábært framtak þá er þínúlitíð erfitt að hugsa til þess að hann verði ekki áfram. Nú þurfum við Mosfellíngar að taka okkur til og setja á fót markað í bænum okkar þar sem við getum boðið ræktendum, bændum, sultgerðarfólki og öllum þeim sem eru í smáframleiðslu að taka þátt. Þá værum við endanlega orðin sveit í borg sem er það besta við búsetuna hér. [...] Miðbærinn okkar væri tilvalinn í slíka skemmtun.  
2. maí

**Vala Mörk**  
Eftir 12 daga verður KB brautin 2024 haldin. Hlaup sem ég hef heyrt sumir eru smeykir við, en ég leyfi mér að fullyrða að það er óþarfi. Dagurinn snýst um gleði, náttúru, vini, bros, drullu, áskoranir, samvinnu og sigra. Ennþá einhver laus sæti í ráshópum. Sendið mér línu á vala@kettlebells.is  
6. maí

**Óskar Smári**  
Ekki nema 7 leikmenn á KR vellinum inn á núna úr Mosfellsbænum.  
28. apríl

**Elisabet Sigurveig Ólafsdóttir**  
Það er þakklátur og auðmjúkur útskriftarnemandi úr sáttaskólanum sem nýtur blóma og annarra fállegra gjafa í dag eftir stórkostlegt útskriftarpartý í gærkvöldi. Hjartans þakkir elsku þið sem glödduð mig með því að koma og fagna með mér tímamótum, senduð kveðjur, vísur og alls konar skemmtilegt. Ef einhver hefur einhverntíma efast um að ég hafi verið svo lánsöm að starfa á skemmtilegasta og besta vinnustaðnum umkringd frábæru samstarfsfólki, þá var þeim efa eytt í gærkvöldi. Það eru forréttindi að fá að starfa á vinnustað þar sem manni líður vel og finnst gaman og fyrir það er ég óendanlega þakklát.  
<3  
1. maí

**ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA** **VERSLUM Í HEIMABYGGÐ**

~ Fagmenn í yfir 40 ár ~



**BIFREIÐAVERKSTÆÐI MOSFELLSBÆJAR**



Flugumýri 2 - Sími 566-6216



**BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNNS**

Frí Tjónaskoðun

★ GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI ★

Auðbrekku 27. Kópavogi Sími 554 2510  
www.bilasprautun.is

**MG LÖGMENN**

Erfðaskrár ~ Kaupmálar ~ Skipti dánarbúa  
Skilnaðarsamningar ~ Slysamál  
Gallar í fasteignum  
Persónuleg þjónusta

Háholti 14 - Sími 588 1400 - mglogmenn@mglogmenn.is - www.mglogmenn.is



**GARÐMENN**  
...gerum garðinn frægan!

Við sinnum öllum alhliða garðyrkjustörfum s.s jarðvegsvinnu, hellulögnum, steinhleðslum, timburverki, gróðursetningu, trjáklippingum.

Garðmenn leggja áherslu á fagleg vinnubrögð, vandvirkni og skjóta þjónustu.

Sími 893 5788

Tek að mér alla krana- og krabbavinnu  
Útvega allt jarðefni



**VÖRUBÍLL P.B.**  
Klapparhlíð 10  
Þorsteinn 822-7142



**Útfararstofa Íslands**  
www.utfarin.is • Mosfellsbæ



Sólarhringsvakt: 581 3300 & 896 8242  
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

**OPNUNARTÍMI SUNDLAUGA**

Lágafellslaug  
Virkir dagar: 6:30 - 22:00  
Helgar: 08:00 - 19:00

Varmárlaug  
Virkir dagar: 6:30-08:00 og 15:00-21.30  
Laugard. kl. 08:00 -17:00 og sunnud. kl. 08:00-16:00

**GLERTÆKNI ehf**  
Völuteigi 21  
- gler í alla glugga -

S. 566-8888 • WWW.GLERTAEKNI.IS



**MALBIKSTÖÐIN**

**Viltu selja?**

Hafðu samband  
Svanþór Einarsson  
Löggiltur fasteignasali

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**

SÍMI: 586 8080  
www.fastmos.is

Fasteignasala Mosfellsbæjar • Þverholti 2 • S. 586 8080 • www.fastmos.is

Þú finnur öll blöðin á netinu  
**WWW.MOSFELLINGUR.IS**



**JAKO**  
SPORT ÍSLANDI

**AFTURELDINGARVÖRURNAR FÁST HJÁ OKKUR**

JAKOSPORT (NAMO EHF) - KRÓKHÁLS 5F - 110 ÁRBÆR  
Sími: 566 7310 - jakosport@jakosport.is - jakosport.is

**VGH Mosfellsbæ**  
VERKTAKI SÍÐAN 1968  
896-9443 896-2279 **ÞAÐ SEM TIL ÞARF**



## HEYST HEFUR...

...að Foldabassa, Myndó og Sigurbjörg ætli að færa sig úr Kradimommubænum yfir í rýmið við Miðbæjartorgið sem Evíta var með.

...að grænmetismarkaðurinn í Mosfellsdal heyrir nú sögunni til.

...að bæjarstjórn sé búin að gefa XB Leifi leyfi frá störfum vegna skólagöngu erlendis.

...að Gylfi Þór og félagar í Val komi í heimsókn í Mosó 17. maí og keppi við Aftureldingu í bikarnum.

...að loft sé komið í ærslabelgina vinsælu í Mosó.

...að Valgarð Mór sé eini umsækjandi um embætti skólameistara FMOS sem verður skipað í frá 1. ágúst, til næstu fimm ára.

...að Tóti Eggerts sé þriðji besti grænmetiskokkur landsins.

...söngkonan mosfellska Íris Hólm sé með íslenska söngflokknum á Eurovision í Malmö.

...að bærinn sé búinn að kaupa teppaflísar á íþróttahúsið til að nota á viðburðum í húsinu.

...að Aftureldingu sé spáð efsta sæti í Lengjudeild karla í sumar.

...að Skólahljómsveit Mosfellsbæjar ætli að halda upp á 60 ára afmæli sitt í Hlégarði þriðjudaginn 28. maí.

...að von sé á 1200 blökum á öldungamót í Mosfellsbæ um helgina.

...að Mosfellskirkja sé orðin ónýt vegna myglu og rakaskemmda.

...að Eurovision-Hera sé flutt í Mosó og búa á Brúarhóli, neðst í Teigahverfinu.

...að sauðburður sé hafinn í Dalnum.

...að Ásgeir Jóns sé orðinn formaður Aftureldingar.

...að uppselt hafi orðið á sveitaball með Skímó og Á móti Sól sem fram fór í Hlégarði í lok apríl.

...að Gylfi Dalmann hafi haldið upp á 60 ára afmælið sitt með því að fá sér eina með öllu á Bæjarins bestu.

...að verkefnið „Fótbolti fyrir alla“ sem Afturelding er að undirbúa hafi fengið styrk frá hvatasjóði „Allir með“.

...að Katrín Jak forsetaframbjóðandi bjóði Mosfellingum í göngu á Mosfell 15. maí.

...að forsetaframbjóðandinn Arnar Þór hafi haldið opinn fund í Hlégarði og Halla Hrund hafi heimsótt eldri borgara. Aðrir ekki sést enn í Mosó.

...að mosfellska hljómsveitin Kaleo sé að fara túra með Rolling Stones í þriðja skiptið í júní.

...að Tjaldur sé búinn að hreiðra um sig í bönkernum á 12. braut á Hlíðavelli.

...að einn keppandi í skákmótinu í golfskálanum hafi hætt keppni vegna hávaða frá golfhermum.

...að styrktarmótið Palla Open fari fram á Hlíðavelli 8. júní.

mosfellingur@mosfellingur.is

## Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is



Anastasia Líf og Carmen Lára fæddust 16. júlí 2023. Anastasia fæddist kl. 20.35 og var 1380g og 40 cm svo fæddist Carmen kl. 20.43 og hún var 1430g og 41cm. Þær voru að drífa sig þessar elskur og áttu ekki að fæðast fyrr en 24. september þannig þær fengu að koma tíu vikum fyrir tímenn en hafa staðið sig eins og hetjur frá fyrsta degi. Foreldrar eru Petra Ingibjörg Eiríksdóttir og Páll Arnar Jónsson. Carmen er vinstra megin og Anastasia hægri megin á myndinni.



## Vortónleikar Mosfellskórsins

Mosfellskórinn hélt vortónleika í Hlégarði 5. maí. Kórinn er á sínu 36. starfsári og hafa aðeins tveir kórstjórar stjórnað kórnum, Páll Helgason og nú Vilberg Viggósson. Á tónleikunum voru sungin hin ýmsu dægurlög við undirleik hljómsveitar.

## Í eldhúsinu

### Sesamhjúpaður lax

HJÁ SIGNÝJU

Signý Guðmundsdóttir deilir að þessu sinni með okkur uppskrift að vinsælum rétti hjá fjölskyldunni að matarmiklu salati eða sesamhjúpuðum lax með sinnepssósu sem bæði er hægt að nota sem forrétt eða aðalrétt.

#### Hráefni:

- 800g lax

#### Sesamhjúpur:

- 3 egg
- 1 ½ dl mjólk
- 3 dl haframjól
- 3 dl sesamfræ
- 1 dl hveiti
- Salt, pipar og fiskikrydd.

#### Aðferð:

Þískið saman egg og mjólk, saltið, piprið og kryddið. Laxinn er skorinn í teninga og lagður í eggjahæruruna. Blandið saman haframjól, hveiti og sesamfræjum og veltið laxinum upp

úr blöndunni. Steikið bitana í olíu á pönnu. Leggið bitana á eldhúspappir og kælið.

#### Sinnepssósa

- 1 egg
- 1 msk dijon sinnep
- ½ dl hvítvinsedik
- ½ dl hunang
- ½ tsk salt
- 1 msk karrý
- 2 dl olíuolía
- ½ dl mangó chutney
- Hrært saman
- Salatblandan

- 1 bakki salatblandan
- 1 rauð paprika
- 1 box piccolo tómatar
- 2 lárperur
- ½ granatepli

Laxinn blandaður saman við og sósan borin fram með og gott súrdeigsbrauð.

Verði ykkur að góðu!

Signý skorar á Kristínu Eyjólfsdóttur að deila með okkur næstu uppskrift í Mosfellingi

# MOSÓ, SUMIR KALLA ÞAÐ PIZZABÆ!

Jæja, ég held að það sé löngu kominn tími til þess að við tökum mikilvægt mál fyrir.

Ég er einstaklega stolt að því að vera uppalin í Mosfellsbæ og á erfitt með að ímynda mér að búa annars staðar. Þegar ég kynni mig þá hef ég gaman að því að segjast vera úr Mosó, aka Pizzabæ. Oftar en ekki veit fólk ekkert hvað ég á við þegar ég segi Pizzabær! Það finnst mér ekki boðlegt.

Ég tilkynni hér með að Pizzabær er komið aftur í tísku sem gælunafn Mosfellsbæjar (það datt aldrei úr tísku). Ég á erfitt með að trúa því að fólk hafi ekki hlustað á Mosó lagið með Dóra DNA, það ætti að vera fastur liður að þegar fólk keyrir í gegnum Mosó þá er lagið sett á. Sama þegar þú keyrir í gegnum Borgarnes þá setur þú væntanlega Borgarnes er happiness með Magga Mix í tæklið.

Ef þú hefur ekki búið áður í Mosó, þá velkomin. Ef þú hefur ekki heyrt þetta lag þá mæli ég með að þú setjir það á þegar þú ert búinn að lesa þennan pistil.

Nú ert þú ábyggilega að hugsa „af hverju er Mosfellsbær kallaður Pizzabær?“

Jú, ég skal segja þér það.

Í den var pizzastaðurinn Pizzabær starfandi þar sem fengust rosalegar pizzur og víðfræga kryddbrauðið (þau sem þekkja þetta eru ábyggilega með vatn í munninum núna). Út af þessum stað var Mosó kallaður Pizzabær, auk þess hafa þó nokkrir pizzastaðir komið við sögu í Mosó.

Heyrst hefur að fræga kryddbrauðið fáist á Blik Bistro í dag! Ég veit ekki með þig en ég ætla að fá mér það um helgina ...

Skilaboðin skýrt ég sendi. ÁFRAM, ÁFRAM AFTURELDING!



EMBLA LÍF

MOSFELLSBAKARI.IS  
HÁHOLT 13-15  
HÁALEITISBRAUT 58-60

MOSFELLSBAKARI



Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27  
Sími 552 2125  
www.gitarinn.is



Kassagítarar og  
hljómborð á tilboði



Mikið úrval  
Verð við allra hæfi

## SKEMMTANIR



### Hljómsveitin ÚLTRA

Hljómsveit: A. Kröyer/dúett

Tek að mér að spila í einkasamkvæmum, brúðkaupum, árshátíðum, afmælum og fl.

Er með hljómborð sem virkar eins og hljómsveit.

Get líka verið með fjöldsöng og nota þá kassagítar.

Eins er ég með dinnertónlist. Söngkona Ann Andreassen.

Verð við allra hæfi.

Anton - antonben@simnet.is  
gitarinn@gitarinn.is  
Símar: 895 9376 - 552 2125

### Starfsfólk óskast

Starfsfólk vantar á Hótel Laxnes. Fullt starf - Góð enskukunnátta  
Sendið CV á netfangið  
hotellaxnes@hotellaxnes.is

WWW.MOSFELLINGUR.IS  
WWW.MOSFELLINGUR.IS  
WWW.MOSFELLINGUR.IS  
WWW.MOSFELLINGUR.IS  
WWW.MOSFELLINGUR.IS



**NÆSTI  
MOSFELLINGUR  
KEMUR ÚT  
6. JÚNÍ.**

Blaðinu er dreift fritt  
í öll hús í Mosfellsbæ.

Skilafrestur efnis/auðglýsinga er til  
hádegis á mánudegi fyrir útgáfudag.

mosfellingur@mosfellingur.is

## ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA

## VERSLUM Í HEIMABYGGÐ



www.arioddsson.is

**ARI ODDSSON EHF**  
BYGGINGAVERKTAKI

MÚRVERK - FLÍSALAGNIR - ALMENN VIÐHALDSVINNA

FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI

Háholti 14 • 270 Mosfellsbæ • arioddsson@arioddsson.is  
Símar: 895-0383 / 867-7704 / 564-4070



Sjúkrabjálfun & Sjúkranudd  
**HEILSUEFLING**  
MOSFELLSBÆJAR

Urðarholt 4 Mosfellsbær

Sími 578 5080



ÖKUKENNSLA - AKSTURSMAT - NÁMSKEIÐ



**VILTU  
SELJA?**

588 55 30  
WWW.BERG.IS

## BYGGJUM Á GRÆNUM LAUSNUM

TIMBURGRINDARHÚS

KROSSLÍMDAR EININGAR

SVALALOKANIR

GLUGGAR OG HURÐIR



**EININGAR EHF**

WWW.EININGAR.IS

Sími: 565 1560 einingar@einingar.is



**MALBIKSTÖÐIN**

## Öll almenn vörubíla- og kranþjónusta

- Grabbi, grjótkló og fl.
- Útvega öll jarðefni.
- Traktor og sturtuvagn í ýmis verkefni eða leigu.
- Sláttuþjónusta og fl.

**BJ VERK** ehf.  
Björn s: 892-3042



**BílaGlerið**

Framrúður & ísetningar  
Sími 587-6510

Öryggisgler í vinnuvélar, báta og bíla

Bíldshöfða 16 (bakhús) · 110 Reykjavík · glerid@simnet.is

## ÞJÓNUSTUAUGLÝSING Í MOSFELLINGI

**KR. 7.000 + vsk.\***

nafnspjaldastærð = 97 x 52 mm

\*Miðast við 5 birtingar eða fleiri - mosfellingur@mosfellingur.is

## GÓÐIR MENN EHF

Rafverktakar  
GSM: 820-5900

- nýlagnir • viðgerðir
- endurnýjun á raflögnum
- hönnun og uppsetning á öryggiskerfum
- síma og tölvulagnir

Löggiltur rafverktaki





# SPURNING TIL BÆJARBÚA


Hvað fékkstu í sumargjöf?



**RÚNAR:**  
Fékk fína skó.



**ANDREA:**  
Sápukúlur.




**EYJÓLFUR:**  
Nýja strigaskó.



**FJÓLA:**  
Húllahring.



**ÍSAK:**  
Ekki neitt.



**SARA:**  
Nýja peysu.

## Fylgdu okkur á Instagram...

@MOSFELLINGUR



## HVERJIR VORU HVAR?

Sendið okkur endilega myndir - mosfellingur@mosfellingur.is



Elísabet kveður Karphúsið



Bylgja, Ásgeir og Jana í gleðskap



Kúrekar í stórafmæli



Grænt þema á árs hátíð



Árshátíðarfinar að Varmá



'78 skvísumnar í kassanum



Endurfundur í Hlégarði

# REUNION



'78 ÁRGANGURINN ALDREI BETRI  
30 ÁR FRÁ ÚTSKRIFT ÚR GAGGÓ MOS

### TVÍFARAR



Hjössi Maeló



Garpur bakgarðshlaupari



Við á Sprey Hárstofu  
elskum það sem við gerum,  
við erum fagmenn!

# Hárstofan Sprey

Hægt er að panta tíma á  
Sprey.is eða í síma 5176677  
Mosfellsbæ og Garðabæ.





Bókaðu tíma  
í dekkjaskipti  
í N1 appinu



Skannaðu kóðann  
og náðu í N1 appið

# Alla leið á öruggari dekkjum



## Cooper Zeon 4XS Sport

- Henta undir jeppann þinn
- Mjúk og hljóðlát í akstri
- Veita afburða aksturseginnleika og gott grip á þurrum og blautum vegi



## Cooper Zeon CS8

- Afburða veggrip og stutt hemlunarvegalengd
- Einstaklega orkusparandi
- Hljóðlát með góða vatnslosun



## Cooper AT3 4s

- Frábær alhliða heilsársdekk sem virka vel á vegum og vegleysum
- Hljóðlát og mjúk í akstri

### Hjólbarðapjónusta N1

Bíldshöfða	440 1318	Langatanga Mosfellsbæ	440 1378
Fellsmúla	440 1322	Reykjavíkurvegi Hafnarfirði	440 1374
Réttarhálsi	440 1326	Grénásbraut Reykjanesbæ	440 1372
Ægisíðu	440 1320	Dalbraut Akranesi	440 1394
Klettagörðum	440 1365	Réttarhvammi Akureyri	440 1433



# ALLT

## F A S T E I G N A S A L A

www.allt.is • allt@allt.is • 560-5505  
Þverholt 2 • Mosfellsbær



## Dagur íslenska hestsins

Þann 1. maí var margt um manninn á svæði hestamannafélagsins Harðar á Varmárbökkum. Í hesthúsahverfinu voru opin hús þar sem hægt var að kíkja í heimsókn. Teymt var undir börnum auk þess sem keppt var á Firmamóti Harðar.



Mynd/RaggiÓla



Sæktu  
Landsbanka-  
appið



App Store Google Play

Múlalundur

Glæsileg  
ritfangaverslun  
í Mosfellsbæ

- kíktu við, þá vinna allir!



MÚLALUNDUR  
vinnustofa SÍBS

við Reykjalund, Mosfellsbæ  
www.mulalundur.is

MIKIL SALA - VANTAR EIGNIR - VERÐMETUM



**Pétur Pétursson**  
löggiltur  
fasteignasali  
897-0047



**Brynjólfur Jónsson**  
löggiltur  
fasteignasali  
898-9791

Þjónusta við  
Mosfellinga í 35 ár

Háholt 14, 2. hæð

**588 55 30**



### Silfurslétta



Rúmgott 160 fm. atvinnuhúsnæði á Esjumelum. Húsið er með góða staðsetningu. Mikil lofthæð og góð aðkoma. Næg bílastæði.

Verð: 48 m.

### Rauðás



Falleg 80 fm íbúð á 2. hæð. 3ja herb. Tvennar svalir. Frábært útsýni. Góðar innréttingar og flott lóð. Næg bílastæði.

Verð: 59.5 m.

### Leirvogstunga



253 fm einbýlishús, vel staðsett með útsýni og stór garður umhverfis. Sól pallur og hellulagt bílaplan með snjóbræðslu. Húsið var allt klætt að utan fyrir nokkrum árum og byggt við það. Er í góðu viðhaldi. Fimm svefnherbergi. Auðvelt að setja upp aukaíbúð í eigninni. Verð: 134 m.

### Klapparhlíð



Flott 88 fm. íbúð við í Klapparhlíð. Nýleg eldhúsinnrétting og eldhústæki. Nýlega uppgerð baðherbergi. Tvö rúmgóð svefnherbergi og geymsla innan íbúðar. Sér inngangur. Svalir í suður. Topp eign á frábærum stað. Næg bílastæði.